BLAÐ HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Sámur

2. tbl. 41. árg. júlí 2015 · verð 999.- kr.

VIÐ VITUM HVAÐ **BESTI VINURINN** SKIPTIR MIKLU MÁLI

Æ fleiri hundaeigendur átta sig á mikilvægi þess að tryggja hundinn sinn rétt. Sjúkrakostnaðartrygging færir dýrinu bestu meðhöndlun sem völ er á ef það veikist eða slasast. Líftrygging er líka góður kostur en auk þess bjóðum við upp á afnotamissistryggingu, umönnunartryggingu og ábyrgðartryggingu fyrir hunda. Hafðu allt á hreinu fyrir þig og hundinn þinn með Dýravernd VÍS.

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

ENNEMM / SÍA / NM69905

Stjórn HRFÍ

Formaður:
Herdís Hallmarsdóttir
Varaformaður:
Sóley Halla Möller
Gjaldkeri:
Pétur Alan Guðmundsson
Meðstjórnendur:
Daníel Örn Hinriksson, aðalstjórn
Guðmundur A. Guðmundsson, aðalstjórn
Brynja Tomer, varastjórn
Ragnhildur Gísladóttir, varastjórn
Ábyrgðarmenn:
Fríður Esther Pétursdóttir
Herdís Hallmarsdóttir
Ritstjóri:
Auður Sif Sigurgeirsdóttir
Auglýsingar:
hrfi@hrfi.is
Ritnefnd:
Anja Björg Kristinsdóttir
Guðrún Margrét Baldursdóttir
Heiðrún Finnsdóttir
Heiðrún Villa
Inga Björk Gunnarsdóttir
Jóhanna Reykjalín Þórunn
Inga Gísladóttir
Sigríður Jónsdóttir
Prófarkalestur:
Auður Sif Sigurgeirsdóttir
Umbrot:
Linda Björk Jónsdóttir
Prentun:
Prentmet

Sámur kemur út tvisvar sinnum á ári í 2000 eintaka upplagi. Blaðið er fyrst og fremst sent skuldlausum félögum HRFÍ. Auk þess fá erlend hundaræktarfélög, fjölmiðlar, sjúkrastofnanir og bókasöfn blaðið sent til sín. Tímaritið er einnig selt í lausasölu. Aðsent efni í blaðið er á ábyrgð höfundar og þarf ekki að lýsa skoðun ritnefndar eða stefnu félagsins. Eftirprentun er bönnuð nema að fengnu leyfi höfundar.

Útgefandi:
Hundaræktarfélag Íslands
Síðumúla 15
108 Reykjavík
Sími: 588-5255
Vefsíða: www.hrfi .is
Netfang: hrfi @hrfi .is
ISSN 1027-4235
Sámur 2. tbl 41. árg 2015

Leiðara blaðsins að þessu sinni skrifar Herdís Hallmarsdóttir, formaður HRFÍ.

Frá formanni,

Hundaræktarfélag Íslands er öflugt félag og helsti auður þess fólkið sem stendur að baki því. Ef ekki væri fyrir hið óeigingjarna sjálfboðastarf félagsmanna, væri félagið ekki á þeim stað sem það er í dag.

En það má alltaf gera betur og félagið okkar hefur alla burði til að vaxa og dafna. Það er hins vegar undir okkur sjálfum komið hvert við stefnum og hvernig við þróumst.

Sem nýkjörinn formaður HRFÍ langar mig að nota tækifærið og þakka fráfarandi stjórn ánægjulegt samstarf og félagsmönnum fyrir traustið sem mér er sýnt. Á þessum tímapunkti þykir mér mikilvægt að kynna fyrir ykkur þær áherslur um framtíðarsýn sem ég á mér félaginu til handa.

Í fyrsta lagi eiga fagleg, lýðræðisleg og opin vinnubrögð að vera í forgrunni. Þetta hefur verið þróunin síðustu misseri og áfram verður haldið á þeirri braut.

Í öðru lagi þykir mér tímabært að reglur félagsins og skipulag þess verði endurskoðað. Sú vinna er þegar hafin. Stjórn hefur skipað til þess starfshópa og væntir þess að með góðri eftirfylgni munum við eiga eftir að sjá afraksturinn af starfi þeirra líta dagsins ljós.

Í þriðja lagi tel ég brýnt að starf með vinnu og eðli hundanna okkar verði eflt. Félagið þarf að eignast aðstöðu þar sem hægt er að vinna með hundana, iðka hundafimi, hlýðni, halda námskeið og aðra minni viðburði. Félagsmenn okkar þurfa afdrep til að iðka hundasportið líkt og aðrir íþróttamenn.

Í fjórða lagi tel ég vaxtamöguleika felast í því að HRFÍ hljóti viðurkenningu sem íþróttafélag, líkt og hestamannafélögin. Því hefur verið haldið fram að þessi leið hafi áður verið reynd án árangurs en ég tel að umhverfið, innan sem utan HRFÍ, hafi breyst og við eigum enn að láta á það reyna. Sú breyting gæti haft jákvæð áhrif á viðmót samfélagsins gagnvart vinnu okkar með hundana og einnig gæti það aukið tekjumöguleika félagsins. Á því er þörf ef við eigum að geta búið okkur bætta aðstöðu.

Í fimmta lagi vona ég að HRFÍ verði sýnilegra í baráttu fyrir bættri hundamenningu á Íslandi. Við þurfum að berjast fyrir því að samfélagið viðurkenni hundinn sem eðlilegan hluta af fjölskyldu okkar og daglegu lífi. Sleggjudómar um óhreinindi sem fylgja hundum mega ekki ráða. Við verðum að tala skýrt fyrir ábyrgu hundahaldi og krefjast viðurkenningar og réttinda í samfélaginu til samræmis við það.

Mikilvægast af öllu er þó að við stöndum saman og vinnum að því að efla og styrkja félagið okkar.

Herdís Hallmarsdóttir.

Forsíðumyndina prýðir stigahæsti hundur ársins, C.I.B. ISCh RW-14 ISW-13 RW-13 Ryslip Celtic Tiger at Craigycor. Eigandi hans er Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir en ræktandi Mrs. Caty Elizabeth Cartlidge. Myndina tók Sóley Ragna Ragnarsdóttir.

Efnisyfirlit:

Tegundarkynning 4
Íslenskir fjárhundar sýndir í USA . . 8
Íslenskur ræktandi 10
Blómadropar fyrir hunda 14
Þefhindrunarhlaup 16
Aðalfundur HRFÍ. 18
Augu sem bræða 20
Áhrif hundahalds á líf öryrkja. . . 22
Ævintýri í húsdýragarðinum . . . 25
Dagur með dýra 28
Alþjóðleg sýning HRFÍ 30
Áskorun á kínversk stjórnvöld . . 35
Meistarastigssýning og Norðurljósa Winner 36
Frá HRFÍ 43
Nýir meistarar 44
Deildarfréttir 46

Curiosity Winner Takes It „Jonny“ er mjög góður fulltrúi tegundarinnar.

Tegundarkynning

Ástralskur Silky Terrier

Höfundur: Heiðrún Finnsdóttir

Snöggur, glaður, klár og kátur eru lýsingarorð sem flestir, ef ekki allir silky terrier eigendur geta tengt við hundinn sinn enda eru hundar af þessu kyni skemmtilegir og brosa út í eitt. Silky terrier eigendur geta líka staðhæft að þó að hundarnir séu smáir þá eru þetta engir smáhundar heldur terrier-hundar út í gegn.

Uppruni

Ástralskur silky terrier á, eins og nafnið gefur til kynna, rætur sínar að rekja til Ástralíu þar sem hann var mjög vinsæll í Sidney og á svæðum þar í kring. Í rauninni var tegundin svo vinsæl að í fyrstu var hún kölluð „Sidney Silky“. Tegundin þróaðist út frá áströlskum terrier og yorkshire terrier seint á 18. öld og var í upphafi ræktuð til þess að vera gæludýr. Terrier-eðlið var þó svo mikið að fljótlega urðu þeir þekktir fyrir að veiða og drepa snáka. Allt til ársins 1929 var erfitt að sjá mun á áströlskum terrier, yorkshire terrier og silky terrier. Í einu og sama gotinu mátti fá hvolpa sem líktust öllum tegundunum og voru hvolparnir þá sagðir af þeirri tegund sem þeir þóttu líkastir. Árið 1932 fór minna að bera á þess konar gotum og tegundirnar aðskildu sig. Það var svo árið 1958 að Ástralir viðurkenndu hunda af tegundinni silky terrier. Eftir seinni heimstyrjöldina fór að bera meira á tegundinni, ljósmyndir af þeim birtust í fréttablöðum og bandarískir hermenn sneru heim frá Ástralíu með nokkra hunda. Í kjölfarið varð tegundin vinsælli og hundaræktarfélögin viðurkenndu hana hvert á fætur öðru. FCI skráði tegundina hjá sér á svipuðum tíma og breski kennelklúbburinn en tegundin er skráð sem tegund númer 236. Hér á landi tilheyrir silky terrier tegundahópi 3 en vegna smæðar sinnar hafa sumir kosið að setja hann á meðal annarra smáhunda í hina svokölluðu „Toy Group“.

Útlit

Silky terrier er lítill hundur. Þeir eru um 23-26 cm á herðakamb og vega um 4-5 kg en rakkarnir eru oftast stærri en tíkurnar. Búkurinn á að vera lengri en hæðin og líkaminn sterkbyggður. Í upphafi var þessi tegund notuð til þess að veiða meindýr á borð við rottur og snáka og því er ætlast til þess að líkaminn sé kraftmikill. Höfuð silkans er fleyglaga og augun lítil,

dökk og möndlulaga. Eyrun eiga að vera lítil, V-laga og sitja hátt á kollinum. Silky terrier er með hátt sett skott og oft er gerð krafa um skottstýfingu (sem er bannað að framkvæma á Íslandi). Sé hundurinn ekki skottstýfður eiga fyrstu þrír skottliðirnir að vísa beint upp eða vera örlítið bognir en skottið á þó ekki að vera hringlaga. Framfæturnir eiga að vera litlir og beinir. Eitt af aðaleinkennum silkans er feldurinn og ætti hann að vera síður en þó ekki það síður að hundurinn dragi feldinn eftir jörðinni. Litur feldsins er allt frá járngráu til silfurgrás en brúnn á andliti, fótum og eyrum og kollurinn ljósbrúnn.

Feldhirða

Silky terrier fer ekki úr hárum og þarf töluverða feldhirðu. Feldurinn ætti að vera sléttur, gljáandi og síður. Honum er skipt í miðju eftir hryggnum og látinn liggja niður með hliðum hundsins. Sumir silkar hafa ullarkenndan feld og hættir því til að flækjast meira. Ef hundurinn er burstaður daglega tekur feldhirðan ekki nema nokkrar mínútur en getur tekið lengri tíma sé feldurinn mikið flæktur.

Baða þarf silky terrier reglulega og skola úr pissusvæðum eftir þörfum. Silkinn er baðaður við 35-38°c og best er að nota sérstök hundsjampó og næringu.

Til að halda feldinum flókalausum er notast við bursta, kamp og stálgreiðu. Stálgreiðan á það þó til að slíta feldinn og er hún því aðeins notuð á mesta flókann, burstinn ætti að taka flest annað. Að lokum er greitt yfir feldinn með kampnum. Sé hundurinn greiddur daglega ætti feldhirðan ekki að taka langan tíma en hafa skal í huga að feldurinn er aldrei greiddur nema að hann sé rakur, annars er hætta á að reita feldinn. Gott er að úða vatni á feldinn og enn betra að blanda örlítilli næringu út í vatnið.

Lundarfar

Að eðlisfari er silky terrier vökull, klár og kátur hundur. Hann þarf hreyfingu og afgirtur garður er kostur en hann sómar sér einnig vel í íbúðum. Honum finnst gaman að hlaupa og unir sér vel í alls konar leikjum. Hann getur tekið upp á því að skemma hluti eða gera eitthvað af sér ef honum leiðist. Til að koma í veg fyrir að hundunum leiðist þarf að halda þeim félagsskap og gæta þess að þeir hafi nóg fyrir stafni. Þrautaleikir, þroskaleikföng fyrir hunda og lausahlaup eru tilvalin dægradvöl fyrir silkann. Þó svo að hann vilji hafa nóg fyrir stafni er hann mikið kúrudýr. Hann fúlsar ekki við sjónvarpskúri og veit fátt betra en að eyða tíma með eiganda sínum. Silkinn er frábær heimilishundur og hentar vel fjölskyldum með börn, sérstaklega ef börnin eru til í að leika, kasta bolta eða hlaupa um úti í garði. Eins og flestir terrierar hefur silkinn mikið varðeðli. Ókunnug hljóð eða óvænt hreyfing fer ekki fram hjá honum og því er hann frábær vakthundur en ekki endilega geltinn.

Dotty's Favorite Paradise Passion hvolpar- Nói, Depill og Blakkur.

Hreyfiþörf

Silky terrier hundar læra það sem fyrir þeim er haft. Sé eigandinn fjallgöngumaður þá getur hundurinn fylgt honum eftir án þess að blása úr nös en kjósi eigandinn rólegri göngutúra venst hundurinn á það. Hundarnir sjá til þess að þeir fái sína hreyfingu með ærslagangi innandyra eða úti í garði. Þeir eru sjaldan kyrrir og því er betra að fylgjast með öllu lauslegu. Þó þeir séu smáir fara þeir létt með að henda hlutum um koll enda miklir ærslabelgir. Hundar af þessu kyni hreinlega elska að elta mýs, kanínur, íkorna, snáka og ketti. Það borgar sig því ekki að skilja þá eftir eftirlitslausa úti í garði. Þeir eru orkumiklir og geta hlaupið í upp undir tvær klukkustundir án þess að finna fyrir því. Þeir gefa stærri hundum ekkert eftir þegar kemur að hlaupum og kraftgöngum. Tegundinni gengur mjög vel í hundafimi og flugbolta enda snöggir og fimir hundar sem auðvelt er að kenna nýja hluti.

Hugrekki

Stór hundur í litlum umbúðum er eflaust hægt að segja um marga terrier-hunda en það er ef til vill besta leiðin til að lýsa hinum ástralska silky terrier. Þessir smáu hundar eru ef til vill ekki háir í loftinu en

Góð dæmi um höfuðlag tegundarinnar en höfuðið ætti að vera fleyglaga.

hugrekki þeirra á sér engin takmörk. Hinn 8 ára gamli Fizo er eflaust besta dæmið um hugekki þeirra. Fizo stökk niður af svölum til þess að bjarga 11 ára eiganda sínum og félögum hans frá baneitraðri slöngu er hugðist ráðast á börnin. Hundurinn fór á milli barnanna og slöngunnar, réðst á hana og hætti ekki fyrr en hún lá dauð á jörðinni. Í slagsmálunum hafði Fizo hlotið nokkur bitsár og eitur slöngunnar tók fljótt sinn toll. Það varð honum til lífs að dýralæknirinn var stutt frá og þar fékk hann móteitur. Í kjölfar hetjudáða sinna var Fizo sæmdur „Fjólublá krossinum“ en krossinn hljóta dýr sem sýna af sér mikið hugrekki og koma fólki til bjargar.

Ekki fyrir alla

Silky terrier er ekki tegund fyrir hvern sem er. Þetta eru terrier-hundar með ríkt terrier-eðli sem þurfa aga og hreyfingu. Feldurinn þarf einnig mikla umönnun. Silkinn getur einnig verið þrjóskur en þrátt fyrir það vill hann ekkert annað en að sjá eigendur sína glaða. Þó að þessir litlu loðboltar séu sjálfsöruggir og ákveðnir eru þeir yndislegir. Þeir fylla eigendur sína gleði og stolti og eru fallegir, skemmtilegir og gáfaðir hundar. Eigendur þessara hunda vita að ef þú átt silka þá er ekki tími til að láta sér leiðast því þessir hundar leggja sig fram við að halda eigandanum kátum.

Silky terrier gengur mjög vel í hundafimi og flugbolta enda snöggir og fimir hundar sem auðvelt er að kenna nýja hluti.

ROYAL CANIN
MINI
Junior
ROYAL CANIN
MEDIUM
Junior
ROYAL CANIN
Junior

ROYAL CANIN

Best in Sweepstakes Speciality, GrandCh Stefsstells Ingaló Ísabella, ásamt Þorsteini Thorsteinson, dómara og Jennifer D. Sanders, eiganda og sýnanda.

Sweepstakes keppni og National Speciality

hjá íslenska fjárhundinum í Bandaríkjunum

Höfundur: Þorsteinn Thorsteinson

Vinsældir íslenska fjárhundsins í Bandaríkjunum aukast stöðugt og var kynið formlega viðurkennt af American Kennel Club (AKC) árið 2010. Icelandic Sheepdog Association of America (ISAA) heldur úti öflugu stafi og bauð undirrituðum að dæma svokallað Sweepstakes og halda fyrirlestur um íslenska fjárhundinn í nóvember á síðasta ári. Við vorum þrjú sem fórum frá Íslandi sérstaklega til að taka þátt í þessari hátíð ISAA en auk undirritaðs voru Brynhildur Inga Einarsdóttir og Linda Björk Jónsdóttir með í för.

Löng hefð er fyrir Sweepstakes í Bandaríkjunum en þetta er eins konar opin, óformleg hundasýning og ræktendur eða aðrir sem þekkja viðkomandi tegund vel eru iðulega fengnir til að dæma. Engin meistarastig eru í boði en skráningargjöldum er skipt á milli vinningshafa í hverjum flokki. Keppninni er skipt í tvennt, annars vegar er keppni fyrir unga hunda í nokkrum flokkum, allt að 18 mánaða aldri, og hins vegar er keppni fyrir öldunga í nokkrum flokkum, 7 ára og eldri. Engar umsagnir eru gefnar, ekki frekar en á öðrum sýningum í Bandaríkjunum, heldur fer dómari yfir hundana og raðar í sæti. Allt gengur því hratt fyrir sig og dómari fær að hámarki tvær mínútur á hund.

Sweepstakes keppnir eru iðulega haldnar í tengslum við sérsýningar hjá viðkomandi tegund og sú var einmitt raunin í þetta skiptið. ISAA hélt sína National Speciality strax að lokinni keppni í Sweepstakes en sýningin var haldin innan fjögurra daga sýningalotu, Thanksgiving Classic Cluster Dog Shows í West Springfield Massachusetts.

Flestir íslensku fjárhundanna á sýningunni voru eldri en 18 mánaða og yngri en 7 ára og því voru einungis 11 hundar skráðir í Sweepstakes keppnina og þar að leiðir ekki margir í hverjum flokki. Í yngri flokki var það USA Ch Stefsstells Ingaló Ísabella sem varð hlutskörpust en hún var einungis 9 mánaða gömul á sýningunni en þá þegar orðin ameríkur meistari. Sigurganga hennar hefur síðan haldið áfram og er hún nú orðin stórmeistari (Grand Champion) en Ingaló Ísabella er ræktuð hér á Íslandi af Stefaníu Sigurðardóttur og er í eigu Jennifer D. Sanders sem jafnframt sýndi. Af öldungunum stóð USA GrandCh Frostfyre's Roskur upp úr en eigendur hans eru eru Susan Hartman og Frank Baylis sem sýndi og er Íslendingum að góðu kunnur. Gaman er að geta þess að Roskur varð sömuleiðis besti hundur sýningar (BISS) á sérsýningu ISAA og náði öðru sæti í tegundahópnum. Eftir sýninguna komst ég að því að öldungatíkin, sem ég valdi besta af gagnstæðu kyni í Sweepstakes keppninni, USA Ch Soley Of Chisick Family Farm, er móðir Roskur og sérlega gaman að sjá svo fullorðna tík enn í svona góðu formi.

Auk hundasýninga er öflugur hópur innan AKC sem vinnur kerfisbundið með hundana sína. Íslenskir fjárhundar keppa iðulega með góðum árangri í hundafimi og margs konar annarri vinnu og þó nokkur hópur fólks æfir smölun reglulega. Daginn fyrir fyrstu sýninguna hélt klúbburinn smalakeppni þar sem hundarnir smöluðu öndum og gæsum

BISS og nr. 2 í tegundahópi og BIS Veteran Sweepstakes, USA GrandCh Frostfyre's Roskur, ásamt dómara, Dr. Carmen L. Battaglia og sýnanda/meðeiganda, Frank Baylis.

Íslendingar í skógargöngu; Linda Björk Jónsdóttir, Þorsteinn Thorsteinson og Brynhildur Inga Einarsdóttir.

en markmiðið var að koma fuglunum fyrirfram ákveðna leið. Virkilega áhugavert var að fylgjast með þessu og hundarnir greinilega í essinu sínu í svona vinnu.

Kvöldið fyrir sweepstakes sýninguna hélt ég rúmlega tveggja tíma fyrirlestur fyrir ISAA um LatHunden og þær upplýsingar sem ræktendur geta fengið um stofn íslenska fjárhundsins úr því forriti. Um þetta efni skrifaði ég eitt sinn grein fyrir Sám og var sú grein að hluta til fyrirmynd þessa fyrirlesturs.

Við gistum stóran hluta ferðarinnar hjá Loren Dribinsky og Daniel McCarthy sem vildu allt fyrir okkur gera, keyrðu okkur um og sýndu okkur það áhugaverðasta á svæðinu.

Innan ISAA er greinilega öflugt starf á hinum ýmsu sviðum, fjölmargir fallegir íslenskir fjárhundar og framtíð þjóðarhundsins okkar því björt í Bandaríkjunum.

Margrét Kjartansdóttir

Höfundur: Inga Björk Gunnarsdóttir

Það væri sennilega eitthvað undarlegt ef Margrét Kjartansdóttir væri ekki með ódrepandi áhuga á hundum og öllu því sem þeim viðkemur þar sem móðir hennar er Sigríður Pétursdóttir á Ólafsvöllum. Margréti er því áhuginn í blóð borinn.
Eiginmaður hennar, Egill Bergmann, er ekki síður áhugasamur og hefur verið virkur í veiðiþjálfun hunda enda bæði fuglahundadómari og leiðbeinandi. Margrét hefur líka tekið þátt í þjálfun og veiðiprófum standandi fuglaveiðihunda.
Ræktun þeirra á dvergschnauzer var stigahæsta ræktunin hjá HRFÍ árin 2010 og 2011 og var einnig stigahæst hjá Schnauzerdeild HRFÍ árin 2010-2012 og 2014.

Hvenær og hvernig vaknaði áhugi ykkar á hundum og hundaræktun og hvers vegna heillist þið af ykkar tegundum?

Móðir mín, Sigríður Pétursdóttir, ræktaði íslenska hunda í mörg ár og seinna dvergschnauzer, þannig að ég kynntist hundum og hundarækt strax sem barn. Ég kynntist dvergschnauzernum fyrst hjá henni og heillaðist af tegundinni en þeir eru afskaplega þægilegir heimilishundar, auðvelt er að kenna þeim og einnig eru þeir skapgóðir og skemmtilegir. Svo spillir ekki fyrir að að þeir fara nánast ekkert úr hárum.

Við eignuðumst fyrsta dvergschnauzerinn okkar, ISCh Birtu frá Ólafsvöllum, árið 1998 og þar með vorum við kolfallin. Ræktunin gekk ekki vel í byrjun en Birta átti enga hvolpa þannig að eiginleg ræktun hófst ekki fyrr en við fengum ISCh Díönu frá Ólafsvöllum og fyrstu dvergschnauzer-hvolparnir fæddust hjá okkur í maí 2007.

Við fengum okkur írska setterinn vegna áhuga á veiðum með standandi fuglaveiðihundum en hann er fjölhæfur fuglaveiðihundur. Fyrsti setterinn kom á heimilið um 1980.

Hvernig varð ræktunarnafn ykkar til?

Húsið okkar heitir Helgahlíð og því varð það ræktunarnafn fyrir valinu.

Hverjir hafa haft mest áhrif á ykkur og aðstoðað ykkur mest í hundaræktuninni?

Það hefur verið ómetanlegt að geta leitað í viskubrunn mömmu þegar einhverjar spurningar hafa vaknað varðandi ræktun og annað sem viðkemur hundunum. Einnig finnst mér mjög mikilvægt að vera í góðu sambandi við aðra ræktendur, bæði hér heima og erlendis.

Á hvað leggið þið mesta áherslu í ræktuninni?

Geðslag og þá sérstaklega að þeir séu opnir og góðir í umgengni, bæði við fólk og önnur dýr.

Hvað útilitið varðar þá er það ekkert eitt atriði sem ég get bent á en gott jafnvægi í byggingu skiptir miklu máli. Dvergschnauzerinn á að vera sterklegur án þess að vera grófur og vel byggður hundur hreyfir sig fallega og á auðvelt með að stilla sér glæsilega upp.

Hjá írska setternum leggjum við mesta áherslu á veiðieiginleika.

Mér finnst ekki koma til greina að rækta undan öðru en heilbrigðum hundum.

Hvaða einkenni hefur ykkur fundist erfiðast að rækta í tegundinni?

Schnauzerinn var skott- og eyrnastýfður (og er ennþá sumstaðar) þannig að skottið og eyrun geta verið vandamál. Við höfum ekki verið í teljandi vandræðum með eyrun en skottin hafa verið misgóð og svo er það stærðin.

Írski setterinn finnst mér mun erfiðari þar sem nær alls staðar í heiminum er búið að kljúfa tegundina í annars vegar veiðihunda og hins vegar sýningarhunda. Draumurinn er að rækta fallega veiðihunda en það er ekki auðvelt.

Hvað hafið þið ræktað marga íslenska, alþjóðlega og/eða veiðimeistara?

Við höfum ræktað sex íslenska og þrjá

alþjóðlega meistara. Það er mikil samkeppni í schnauzer-tegundinni og nokkuð margir hundar með eitt eða tvö meistarastig.

Hvaða hundur eða hundar úr ykkar ræktun finnst ykkur bera af öðrum?

Það er erfitt að gera upp á milli en Játvarður finnst mér vera mjög góður fulltrúi tegundarinnar, glæsilegur hundur með gott skap. Óskadís kemur líka upp í hugann en hún er frábær tík sem hefur gefið mér flotta hvolpa. Af setterunum er það Skotta.

Hvaða hundur eða hundar hafa, að ykkar áliti, haft mest áhrif á stofninn hér á Íslandi?

Sá hundur, sem hefur haft mest áhrif á svart og silfur dvergschnauzer á Íslandi, er að mínu mati Hassanhill´s Cover Me en hann var fluttur inn frá Svíþjóð.

Eftir hverju farið þið aðallega þegar þið ákveðið að para saman hund og tík? Skipta ættirnar mestu máli, útlit hundanna, heilbrigði, geðslag eða ...?

Að okkar mati á aldrei að rækta undan öðru en heilbrigðum hundum auk þess sem við leitumst við að velja saman einstaklinga sem bæta hvor annan upp og reynum þannig að fá hvolpa sem verða vonandi enn betri fulltrúar tegundarinnar en foreldrarnir.

Hvernig veljið þið hvolp til áframhaldandi ræktunar?

Við höfum enga galdraformúlu heldur fylgjumst vel með hvolpunum og reynum að leggja mat á kosti þeirra og galla. Á meðal þess sem við sækjumst eftir er að hvolpurinn sé yfirvegaður, forvitinn og óhræddur og að bygging hans sé í góðu jafnvægi. Svo eru það fjölmörg atriði sem þurfa að vera í lagi, eins og feldgerð, eyrnastaða, bit, lengd, vinklar og svo framvegis.

Hafið þið lent í einhverjum leiðinlegum atburðum með got? Ef svo er, hvernig tókust þið á við það?

Já, við lentum í því fyrir nokkrum árum þegar ein af tíkunum okkar, ISCh Gríma frá Ólafsvöllum, átti von á sínu öðru goti. Gotið virtist vera að fara eðlilega af stað, það sást í belg en svo

C.I.B. ISCh RW-13 Helguhlíðar Játvarður.

Margrét með Helguhlíðar Skottu ásamt norska veiðiprófsdómaranum, Ingrid Frenning.

Írska setter-tíkin, Helguhlíðar Skotta.

gerðist ekkert meira. Gríma virtist vera með hríðar en mér fannst vera liðinn óeðlilega langur tími án þess að fyrsti hvolpurinn kæmi í heiminn. Þetta var um miðja nótt þannig að ég hringdi á dýralæknavaktina í Grafarholtinu og mælti mér mót við lækninn sem ákvað að gera á henni keisaraskurð. Þá kom í ljós að legið hafði rifnað þannig að það mátti ekki á tæpara standa. Það tókst að bjarga tíkinni (en ekki leginu) og öllum hvolpunum átta. Fyrstu dagana á eftir var Gríma mjög máttfarin og fór ekki að mjólka fyrr en nokkrum dögum seinna. Við skiptumst því á að vaka yfir þeim og gefa pela. Ef þetta hefði verið fyrsta gotið okkar efast ég um að við hefðum lagt í að para aftur.

Eigið þið einhver góð ráð til annarra ræktenda?

Já, að vera gagnrýnin á eigin hunda og að vinna saman að framgangi tegundarinnar.

Hvernig hefur ykkur tekist að samræma hundahaldið daglegu lífi í þéttbýlinu?

Það hefur gengið ótrúlega vel þar sem við höfum bæði mikinn áhuga á hundum og hundarækt. Við búum í útjaðri Mosfellsbæjar þannig að við þurfum ekki að fara langt til að hreyfa hundana og það hjálpar óneitanlega.

Finnst ykkur ríkja skilningur og umburðarlyndi gagnvart þeim sem eiga nokkra hunda og þeim sem rækta hunda í þéttbýli?

Við erum svo heppin að eiga nágranna sem sýna okkur skilning en ég þekki líka dæmi um það gagnstæða. Mér finnst áhugi á hundum hafa almennt aukist og samhliða því umburðarlyndi gagnvart ræktendum. Ef við hundeigendur erum ábyrg og sýnum tillitsemi þá á skilningurinn eftir að halda áfram að aukast.

Eruð þið ánægð með þróun ræktunar á ykkar tegundum?

Almennt held ég að dvergschnauzer-stofninn sé á réttri leið hér á landi.

Eigið þið einhverjar óuppfylltar óskir um framtíð ræktunar ykkar eða tegundanna í heild?

Að skila tegundunum betri en við tókum við þeim.

Að lokum, er eitthvað sem þið mynduð vilja hafa gert öðruvísi og hvernig mynduð þið vilja að fólk minntist ykkar sem hundaræktenda?

Ég hugsa að ef ég ætti að endurtaka þennan tíma, sem ég hef verið að rækta hunda, þá myndi ég gera sömu vitleysuna aftur.

Við vonum að fólk minnist okkar fyrir að hafa ræktað góða hunda sem hafa verið eigendum sínum til ánægju.

Ferðadagar Líflands

Þú færð allt fyrir gæludýrið í verslunum Líflands

Arion gæludýrafóður

Sala og ráðgjöf s. 540 1100 | Lyngháls 3 Reykjavík | Óseyri 1 Akureyri | Borgarbraut 55 Borgarnesi | Efstubraut 1 Blönduósi

LÍFLAND

Blómadropar
fyrir hunda
(V-W og Rescue Remedy)

Höfundur: Inga Björk Gunnarsdóttir

Í þessu tölublaði Sáms er lokagreinin um notkun blómadropa fyrir hunda. Dropana má nota við margs konar kvillum en langalgengast er að þeir séu gefnir við andlegu ójafnvægi en stundum þó líka við líkamlegum einkennum. Ef einhver óvissa er um ástand hundsins er vitaskuld skylda hvers hundeiganda að hafa samband við dýralækni.

Í 2. tbl. Sáms 2012 var fjallað mjög stuttlega um tilurð blómadropanna, framleiðsluhátt, blöndun og hvernig á að gefa þá og er vísað í það blað til viðbótar þessari grein. Ef fólk vill kynna sér efnið enn ítarlegar eru til fjölmargar bækur sem og fræðsluefni á netinu.

Vervain

Þessir dropar eru fyrir hunda sem eru of ákafir, ofvirkir og hvatvísir. Þeir missa sig alveg þegar gesti ber að garði og flaðra upp um þá með miklum látum.

- Fyrir hunda sem eru æstir og ófærir um að slaka á. Þeir fara fram úr sjálfum sér og eru taugastrekktir. Afleiðingin af þess háttar ástandi í langan tíma getur verið vöðvaverkir.
- Fyrir hunda sem virðast aldrei fá nóga hreyfingu og eru alltaf til í meira. Þeir haga sér eins og þeir hafi ekki fengið útrás fyrir hreyfingu þrátt fyrir að vera nýkomnir heim úr góðum göngutúr.
- Fyrir hunda sem eru yfirmáta fjörugir, ýtnir, yfirþyrmandi uppáþrengjandi og hrinda fólki um koll í öllum látunum.
- Droparnir eru gagnlegir fyrir öll vandamál tengdum taugakerfinu.
- Gott er að nota dropana þegar hundur er að jafna sig eftir beinbrot eða önnur meiðsli á liðböndum og vöðvum.

Vervain eru gagnlegir dropar fyrir hunda sem sífellt toga í tauminn og geta ekki lært að ganga afslappaðir við hæl. Þessir hundar eru alltaf til í leik og láta eins og þeir séu að missa af einhverju – eru alltaf á tánum að fylgjast með öllu í kringum sig. Tegundir sem eru líklegastar til að þurfa þessa dropa eru af tegundunum terrier, spaniel og border collie.

Vine

Þessir blómadropar taka á yfirgangi, eineltishegðun og árättu til að eignast og verja yfirráðasvæði af hörku.

- Gagnlegir fyrir hunda sem sýna árásargirni við að reyna að koma á yfirráðum yfir önnur dýr, fólk eða staði.
- Fyrir hunda sem eru ruddalegir í yfirgangi sínum yfir önnur dýr og fólk. Þeir níðast á öðrum og hræða.
- Fyrir hunda sem verja það sem þeir telja sitt með ofsafengnum hætti, þeir halda póstinum kyrrum úti í einu horni garðsins, samþykkja enga gesti og þeir geta jafnvel gengið svo langt að reyna að útiloka nýjan fjölskyldumeðlim (barn eða nýjan maka eiganda).

Vine droparnir eru fyrir hunda sem halda fjölskyldumeðlimum frá sínu eigin rúmi, stól eða bíl – þeir eiga þetta allt saman! Enginn má nálgast matinn þeirra eða hvað þá að taka hann frá þeim. Öll hegðun þeirra einkennist af yfirgangssemi og ofverndun þess sem þeir telja vera sitt og það er ekkert umburðarlyndi gagnvart öðrum.

Alltaf þarf þó að reyna að greina af hvaða rótum hegðun hundsins er sprottin. Ef líklegra er að árásargirnin sé sprottin út frá ótta í vissum aðstæðum, til dæmis við menn með skegg eða fólk með mótorhjálm á höfðinu, eiga Mimulus droparnir betur við. Alltaf ætti að hafa í huga að árásargirni getur verið sprottin af sjúkdómi eða kvilla í miðtaugakerfinu (t.d. æxli) og þess vegna ætti eigandinn að fá álit dýralæknis á slíkri hegðun hundsins.

Walnut

Þessir dropar hjálpa hundum við að aðlagast og meðtaka nýjar aðstæður eða umbreytingar, af hvaða toga sem þær eru.

Droparnir virka á vanlíðan og streitu sem sprettur af umbreytingu í lífi hundsins, til dæmis breytingu á daglegri rútínu eða fóðrun, nýju umhverfi, breytingu á lífsstíl og heimilishaldi (skilnaður, andlát, fæðing barns).

- Góðir fyrir tíkur sem eru að byrja að lóða, sérstaklega í fyrsta sinn.

- Gott að gefa tíkum á meðgöngu og hvolpum meðan á tanntöku stendur og þeir vandir af spena.
- Gott að gefa eftir geldingu.
- Fyrir hunda sem fara fullorðnir á nýtt heimili.
- Fyrir hunda sem þurfa að aðlagast líkamlegri breytingu, til dæmis því að missa sjón, heyrn eða útlim.
- Fyrir hunda sem fá útbrot eða önnur húðeinkenni vegna breytinga á mataræði.
- Gott að gefa fyrir og eftir svæfingu vegna aðgerðar.
- Gott er að hafa þessa dropa í huga til að gefa hundi sem á að fá að sofna svefninum langa.

Walnut er gott að blanda við Honeysuckle til að hjálpa til við að rjúfa alla tengingu við fortíðina.

Water Violet

Þessir dropar virka á fáskipta, hlédræga og stolta hunda. Droparnir koma á vilja til að mynda samband.

- Fyrir hunda sem draga sig til hlés frá öðrum, sérstaklega þegar þeir eru veikir. Það er erfitt fyrir þá að mynda traust samband.
- Fyrir hunda sem virðast vilja vera einir og halda sig í burtu frá öðrum.
- Fyrir hunda sem hvorki sækjast eftir gælum né líkar vel við að vera klappað.
- Fyrir hunda sem virðast vera áhugalausir um það sem á sér stað nálægt þeim.

Fáskipti og hlédrægni getur verið einkenni á sumum hundategundum en þegar þetta ástand verður hjá hundum sem eiga ekki vana til þess háttalags, eða ef ástandið er verulega ýkt, þá geta droparnir komið þeim út úr því.

Tegundir eins og saluki og afghan hound, sem virðast verða „heyrnarlausar“ þegar eigandinn gefur þeim skipun, eru oft ranglega álitnir heimskir en í raun er þetta þeirra eðli. Þeir eru í eðli sínu sjálfstæðir og fáskiptir. Þessir dropar eru líka hentugir fyrir husky-hunda og aðrar tegundir sem eru með villta hunda sem forfeður.

White Chestnut

Droparnir virka á hunda sem eru alltaf gagnteknir og ná ekki að sofa afslappaðir. Droparnir koma á ró til að hvílast. Hundar sem gætu haft gott af þessum dropum eru vælandi, kvíðafullir og órólegir.

- Fyrir hunda sem sýna þráhyggjuhegðun – eru sífellt að sleikja sig, naga sig til blóðs eða klóra sér endalaust.
- Fyrir hunda sem eru eirðarlausir í svefni.
- Fyrir tíkur sem eru mjög órólegar í goti og eru endalaust að flytja hvolpana til og frá.
- Við ofnæmi sem sprettur fram endurtekið og reglulega og við gigtarsjúkdómum sem virðast koma við tiltekið veðurfar.

Dropana er hægt að gefa hundum sem eru mikið einir heima og þróa með sér húðvandamál vegna sífellds áreitis vegna nags, klórs eða sleiks. Einnig fyrir hunda sem taka upp á því að naga til dæmis húsgögn og dyrakarma.

Stundum byrja hundar að klóra sér vegna leiða og oft er erfitt að fá þá til að stoppa þegar þeir hafa byrjað á þessum ávana. Samkvæmt heimildum eru tegundir eins og cocker spaniel, dobermann, bull terrier og labrador nefndar sem líklegar til að þróa með sér þann ávana að klóra og naga sig. Í þessum tilvikum er gott að blanda White Chestnut saman við Walnut. Ef streita og hræðsla er undirrót viðvarandi klórs þá er gott að blanda White Chestnut við Aspen og Mimulus. Í öllum tilvikum ætti að setja í blönduna dropana Crab Apple og Chestnut Bud.

Wild Oat

Wild Oat droparnir taka á skorti á stefnumörkun og koma á staðfestu og möguleikum.

- Fyrir hunda sem virðast hafa mikla hæfileika og getu en ná ekki að blómstra.
- Fyrir hunda sem standa ekki undir væntingum. Til dæmis gagnlegir fyrir greyhound sem vilja ekki keppa í beituhlaupi.
- Fyrir hunda sem eru hættir að sinna því verkefni sem þeir voru ræktaðir og þjálfaðir fyrir.
- Fyrir hunda þar sem eigandinn er flöktandi og óviss um hvort hann eigi að meðhöndla hundinn sem vinnuhund eða gæludýr.
- Þessir dropar eru góðir fyrir hunda sem eru hættir að keppa, vinna eða fara á sýningar og er komið fyrir á heimilum sem gæludýrum.
- Fyrir tíkur sem fá gervimeðgöngu.

Wild Rose

- Þessir dropar virka á uppgjöf, áhugaleysi, sljóleika, lífsleiða og koma á lífskrafti og lífsvilja.
- Fyrir hunda sem eru alvarlega veikir, líkaminn er kaldur og þeir virðast vera við það að gefast upp.
- Fyrir hunda sem þjást af langvarandi sjúkdómi.
- Fyrir undirgefna viljalausa hunda sem virðast ekki hafa áhuga á neinu.
- Fyrir hunda sem virðast vera vonlausir, leiðir, sljóir og áhugalausir. Þeir eru orkulausir og vilja ekki hreyfa sig.
- Gagnlegt að gefa við lystarleysi sem kemur af ekki neinni augljósri ástæðu.
- Fyrir yfirgefna hunda í hundaathvörfum, kennelum og dýragörðum.

Willow

Tekur á illgirni og ólund – kemur á góðu skapi og eyðir sjálfsvorkunn.

- Fyrir geðvonda fýlda hunda.
- Hundar sem eru með skottið á milli lappanna og kenna í brjósti um sjálfa sig.
- Fyrir hunda sem haga sér á meinfýsinn hátt, til dæmis míga á óviðeigandi stöðum (í rúm eigandans), sýna eyðileggjandi hegðun og skemma eigur eigandans.

Rescue Remedy

Að lokum ætla ég að fjalla stuttlega um hina vel þekktu Rescue Remedy en hún er blanda gerð úr Impatiens, Clematis, Rock Rose, Cherry Plum og Star of Bethlehem. Þetta er blanda blómadropa sem ætti að vera til á hverju heimili enda er talað um þá sem „First-aid kit in a bottle“. Hún hefur oft hjálpað mér í gotum þegar hvolpar fæðast mjög slappir og nánast lífvana. Það er einnig alveg þess virði að prófa að gefa hana hvolpum sem sýna einkenni „fading puppy syndrome“.

Margir dýralæknir erlendis nota dropana áður en þeir skoða dýrið og fyrir og eftir skurðaðgerðir, en þeir róa og draga úr hræðslu. Einnig eru þeir notaðir af hundasnyrtum og hundaþjálfurum – hundar læra betur þegar þeir eru rólegir.

- Fyrir hunda sem hafa orðið fyrir slysi, áfalli, skurðaðgerð, tannmeðferð eða mikilli hræðslu.
- Droparnir eru algjörlega öruggir og aukaverkunarlausir en geta virkað jafn vel og róandi lyf.
- Til að vinna gegn áhrifum svæfingar á hvolpa sem teknir eru með keisaraskurði.
- Fyrir hunda sem þjást af öndunarerfiðleikum.
- Gott að nota eftir hverskonar krampaköst.
- Hjálpar til við að sár grói.

Hafa skal þessa dropa í huga við allar þær aðstæður sem geta komið upp og valdið hundinum áverka, sársauka, hræðslu eða streitu. Þeir koma þó engan veginn í stað hjálpar dýralækna en virka vel til að róa dýrið á leið til þeirra. Erfitt er að leiðbeina um hversu mikið eigi að gefa við hvaða aðstæður. Tveir dropar á tunguna á um það bil 30 sekúndna fresti þar til árangur sést er þó talið ráðlegt í neyðartilvikum. Við aðrar og ekki eins aðkallandi aðstæður er hægt að blanda þeim út í drykkjarvatnið, mjólk eða annan vökva og láta hundinn sjálfan sjá um að taka inn dropana nokkrum sinnum á dag eða gefa tvo dropa í munn fjórum sinnum á dag. Hægt er að bera dropana á útvortis, annað hvort í kremi eða láta dropa drjúpa á sár í gegnum grisjuna.

Heimildir:
Bach Flower Remedies for Animals eftir Helen Graham & Gregory Vlamis, 1999.
Bach Flower Remedies for Animal eftir Stefan Ball & Judy Howard, 1999.

ÞEFHINDRUNARHLAUP EÐA LYKTARBOÐHLAUP

Ljósmyndari: Rúnar Tryggvason

Ljósmyndari: Rúnar Tryggvason

Höfundur: Monika Karlsdóttir

Mjög spennandi hundaíþrótt, sem stefnt er á að bjóða upp á hjá Íþróttadeild HRFÍ, heitir í heimalandinu „Scent Hurdles“ eða „Scent Hurdle Racing“. Í raun er þetta íþrótt sem hefur kannski ekki verið vel þekkt í heiminum hingað til og gæti verið að sumir hafi aldrei heyrt um hana. Samt sem áður hefur hún verið, og er enn, stunduð töluvert í Kanada (sér í lagi í vesturhlutanum) og hefur verið keppt í henni þar síðan 2010, jafnvel fyrr. Kanadamenn hvetja, í sínum reglugerðum um þefhindrunarhlaup, til þess að haldnar séu sýningar í íþróttinni til kynningar og skemmtunar, til dæmis við barnaspítala, elliheimili, á íþróttasamkomum og svo framvegis. Þetta er einnig kennt í mörgum skátahópum. Hvað getur verið skemmtilegra fyrir börn en að vinna sér inn sérmerki fyrir að þjálfa besta vin sinn? Þó nokkrir stunda sportið í Bandaríkjunum og síðustu árin sýnist mér að vinsældir þess hafi aukist í Þýskalandi.

Flestir hundaþjálfarar vita hve uppbyggjandi það er fyrir hund að fá að nota aðalskynfærið sitt, nefið. Með því er verið að efna til jákvæðrar þreytu hjá heimilishundinum, að leyfa honum að gera eitthvað skemmtilegt sem ýtir EKKI undir stress líkt og hraðmeiri sport geta gert. Hundur þarf að vera nokkuð rólegur til að framkvæma þefvinnu en þetta sport getur byggt upp þol, innri ró, sjálfstæði í vinnu og sjálfsöryggi hjá hundinum. Þetta er blanda af líkamlegri og andlegri þjálfun.

Okkur finnst þetta vera frábært sport fyrir Ísland en algengt er úti í heimi að hlutirnir fari úr böndunum þar sem mikið stress og öfgar eru innan sumra hundaíþrótta. Hér er íþrótt sem er aðallega afþreying fyrir hundinn frekar en mannfólkið. Það besta við þetta sport er að þar sem eigandi þarf lítið að gera í keppni annað en að mæta með hundinn og bíða við endalínu þá hentar það vel fyrir öryrkja, eldri borgara og þá sem vilja gera eitthvað með hundinum sínum en hafa ekki líkamlegt úthald eða getu til þess. Það er það sem kannski heillaði greinarhöfund mest – að þetta sé sport sem ALLIR geta stundað.

Árið var 1967 í Los Angeles í Bandaríkjunum þegar hópur hundaeigenda, sem hittist reglulega til að æfa sig saman með sínum eigin hundum, fékk smá leiða á að gera alltaf það sama og ákvað að þróa eitthvað sem var sambland af nokkrum æfingum. Einn af frumkvöðlum hópsins var Barbara Weatherwax, dóttir Rudd Weatherwax, sem var þjálfari frægu kvikmyndastjörnunnar Lassie. Lyktarboðhlaup var byrjunin á fleiri íþróttum sem þessi hópur þróaði. Með samblandi af mismunandi tegundum hunda, til dæmis sheltie, schäfer, dobermann, retriever-hunda, blendinga, veiðihundakynja (hounds) og fleiri ákváðu þau að setja saman hóp til að skemmta víða undir heitinu „Wonderful World of Dogs“. Meðal annarra, sem komu nálægt þessu, var Larry Stewart, framleiðandi þáttanna Hawaii Five-O (upphaflegu) og Angie Dickensen en sáu þau meðal annars um að finna staði fyrir hópinn til að koma fram og skemmta. Eftir að hafa þróað þefvinnu þar sem hundar sóttu trékefli (dummý) yfir hindranir vildu þau prófa að bæta smá spennu í leikinn fyrir áhorfendur. Þau notuðu sömu útfærslu en prófuðu fyrst að bæta inn frisbí en þar sem margir hundar áttu erfitt með að grípa það á ferð enduðu þau á tennisbolta og hönnuðu sérútbúin tæki sem hann skaust út úr.

Þefhindrunarhlaup var sem sagt byrjunin en út frá þessum breytingum varð „Flyball“ til sem í raun varð mun vinsælla vegna þess hve mikill hraði er í því. Hópurinn sýndi einnig körfubolta með dobermann-hundum, eins konar hundafótbolta. Golden-hundarnir leituðu að kefli og einnig voru frisbísýningar á dagskrá. Það fór svo að áhorfendum fannst skemmtilegast að horfa á hunda grípandi bolta í flyball-keppni. Það virðist hafa orðið til þess að allt hitt gleymdist eða týndist í raun í einhverja áratugi. Mannfólk vill oft gera hluti sem grípa augað og fyrir okkur eru augun mikilvægustu skynfærin og þar af leiðandi gleymist oft að hundar eru ekki alveg á sömu nótum þar. Þefvinna krefst smá undirbúnings og því miður hafa margir talið erfitt að kenna það í gegnum árin og látið lögreglumenn og aðra velmenntaða þjálfara um þann pakka. Sem betur fer er slík þjálfun að ná miklum vinsældum með hlutum eins og „K9-nosework“ og sporavinnu. Með jákvæðum þjálfunaraðferðum, sem eru útbreiddari í dag, og bættri þekkingu á grunnþörfum hunda hefur orðið mikil vakning og áhugi á að kenna hundum að nota nefið sitt í okkar þágu.

Upphaflega ætluðum við að kalla þetta lyktarboðhlaup (og var stutt grein um það í Fréttablaðinu í fyrra) því þetta á að vera boðhlaup þar sem fjórir hundar eru í hvoru liði. Liðin keppa um hvort nær betri tíma við að ná í og skila réttu keflunum til eigenda sinna. Við sjáum reyndar fram á að breyta aðeins út frá erlendri reglugerð og bæta inn í einstaklingskeppni þar til sportið verður stærra hér heima og því betra að gefa þessu heitið þefhindrunarhlaup sem er bein þýðing á „Scent Hurdle Racing“.

Til að útskýra nánar þá þarf hver hundur að leita að trékefli sem eigandi hans hefur snert á meðal þriggja annarra kefla. Öll kefli eru númeruð með sama númer og hundur ber á vesti þannig að dómari, áhorfendur og keppendur geti séð hvort rétt kefli hafi verið valið. Hundurinn þarf að stökkva yfir fjórar hindranir á leiðinni að sækja keflið og svo aftur til baka yfir hindranirnar til að skila því til eiganda síns áður en næsti hundur má fara af stað. Hindranirnar eru sérútbúnar og hæð þeirra í keppni ræðst alltaf af stærð minnsta hundsins í liðinu. Eftir að hundur hefur tekið kefli er aðstoðarmaður sem setur „ónúmeraðað“ kefli í staðinn fyrir keflið sem hundurinn tók þannig að alltaf eru fjögur kefli sem hundurinn þarf að velja úr. Hlaupið er þrisvar sinnum á móti sama liði og það lið, sem vinnur tvisvar sinnum, sigrar hlaupið. Í einstaklingskeppni verður líklegast tími sem segir til um hver vinnur sem er stöðvaður þegar eigandi er kominn með rétt kefli í hendurnar. Í boðhlaupinu heldur tíminn áfram þar til síðasti hundurinn í liðinu hefur hlaupið yfir endalínu með rétta keflið. Ef einhver hundur kemur til baka með vitlaust kefli þarf að senda hann aftur þegar síðasti hundur í liðinu hefur lokið hlaupinu.

Þetta er að sjálfsögðu kennt með því að brjóta heildina niður í nokkra hluta og hver hluti kenndur fyrir sig áður en allt er sett saman í eina heild.

Jóna Th. Viðarsdóttir var heiðruð á fundinum og sæmd gullmerki félagsins ásamt því að vera þakkað fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Vinir og samstarfsmenn færðu Jónu málverk af írsku setter-tíkinni, Alönu, sem var henni afar kær.
Ljósmynd: Magnús Sævar Magnússon.

Aðalfundur HRFÍ

Höfundur: Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Aðalfundur HRFÍ var haldinn á Radisson BLU Saga Hotel 26. maí sl. en hátt í 200 félagsmenn mættu á fundinn.

Jóna Th. Viðarsdóttir, sem setið hefur í stjórn HRFÍ í 20 ár og þar af 10 ár sem formaður félagsins, var heiðruð á fundinum og sæmd gullmerki félagsins ásamt því að vera þakkað fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Vinir og samstarfsmenn færðu Jónu málverk af írsku setter-tíkinni, Alönu, sem var henni afar kær.

Herdís Hallmarsdóttir tók við formannsembættinu af Jónu en engin mótframboð bárust til formanns.

Tvö sæti voru laus í aðalstjórn félagsins og eitt í varastjórn. Daníel Örn Hinriksson og Pétur Alan Guðmundsson voru kjörnir ásamt Brynju Tomer sem gaf kost á sér í endurkjör í varastjórn. Auk þeirra buðu sig fram í aðalstjórn; Guðbjörg Guðmundsdóttir, Guðný Vala Tryggvadóttir og Þórdís Björg Björgvinsdóttir en þær Guðný Vala og Þórdís Björg buðu sig fram til vara í varastjórn.

Sámur hafði samband við nýkjörna stjórnarmenn og lá forvitni að fá að vita meira um áherslur þeirra og framtíðarsýn hjá félaginu. Þess má geta að nýr formaður félagsins, Herdis Hallmarsdóttir, skrifar leiðara Sáms að þessu sinni.

Pétur Alan Guðmundsson

Pétur Alan Guðmundsson er kaupmaður í fjölskyldufyrirtækinu Melabúðinni og er vesturbæingur. Hann hefur verið fuglahundadómari í tæp 11 ár og situr í Sólheimakotsnefnd HRFÍ. Einnig hefur hann komið víða að starfi félagsins, bæði innan stjórna og nefnda.

„Stefnumál mín eru opið upplýst félag okkar allra þar sem leitað er til félagsmanna og hlustað á þá, meðal annars með fleiri félagsfundum og betra upplýsingaflæði. Að fundargerðir, fréttir og tilkynningar verði gerðar sýnilegri sem og innlenda starfið sem þarf að efla. Mikilvægt er að styrkja vinnu með hundum með góðu samstarfi skrifstofu, stjórna og deilda sem hlýtur að leiða til þess að við náum að fjölga félagsmönnum og efla félagið," segir Pétur.

Hann telur einnig að til framtíðar þurfi að skoða húsnæðismál félagsins og nýtingu þess. Heimasíða og gagnagrunnur eru ekki ásættanleg að hans mati og þarf að gera þau bæði notendavænni, opnari og einfaldari í notkun.

„Margt annað var í kynningu minni fyrir aðalfundinn og mun ég að sjálfsögðu fylgja því eftir. Ýmislegt hér er langtímamarkmið en með nýrri, öflugri og samstíga stjórn vonast ég til að vinna hefjist á einhverjum málanna sem fyrst. Að sjálfsögðu hvet ég alla félagsmenn til að senda tillögur um það sem betur mætti fara og ábendingar sem eru gagnlegar félagsstarfinu á netfangið stjorn@hrfi.is en einnig er hægt að senda beint á mig á petur@thinverslun.is."

Daníel Örn Hinriksson

Daníel Örn Hinriksson er fæddur og uppalinn í Reykjavík en eyddi hverju sumri á Fagurhólsmýri í Öræfum frá því hann var ungur til 21 árs aldurs. Dýr hafa ávallt verið áhugamál hans en hann fékk fyrsta hundinn sinn 12 ára gamall sem var af tegundinni schäfer. Árið 2002 fékk hann sína fyrstu chihuahua-tík úr Mosfellsdalnum og með henni byrjaði áhuginn á sýningum og starfinu innan HRFÍ. Daníel tók þátt í stofnun Chihuahuadeildar árið 2005 og hefur verið virkur í starfi félagsins síðan þá.

Daníel langar að koma á frekari samskiptum HRFÍ við yfirvöld, ríkið og sveitafélög. „Mér finnst þörfin brýn sé litið til hundaleyfisgjalda sem dæmi. Verðskrár og kröfur til veitts hundahalds eru gríðarlega mismunandi eftir sveitafélögum. Við getum held ég öll verið sammála um það að það er heldur óljóst hvert peningar fara sem renna í vasa yfirvalda," segir Daníel. Hann langar að sjá hundahald fá almenna viðurkenningu á Íslandi. Einnig eru húsnæðismál HRFÍ honum ofarlega í huga en hann lætur sig dreyma um húsnæði sem gæti hýst starfsemi félagsins.

„Draumur minn er að HRFÍ njóti virðingar í samfélaginu, verði rödd hunda og eigenda þeirra, verði félagsskapur sem áhugafólk um hunda sækist eftir að tilheyra, ríkt félag af góðu fólki í húsnæði sem hentar fyrir starfið með hundunum."

Brynja Tomer

Brynja Tomer hefur víða komið við í félaginu og sinnt margvíslegum trúnaðarstörfum frá því hún gerðist félagsmaður árið 1990. „Þessi félagsstörf hafa veitt mér ómælda ánægju og því tek ég áfram þátt í þeim með mikilli gleði." Meðal þess sem Brynja hefur gert innan félagsins á liðnum árum:

- Verið starfsmaður og prófstjóri í skapgerðarmati síðustu 14 árin.
- Verið í sýningastjórn, stjórn HRFÍ, ræktunar- og staðlanefnd, vinnuhópi um fræðslumál ásamt því að vera formaður Smáhundadeildar og í stýrihópi um skapgerðarmat.

Síðustu árin hefur Brynja ræktað og sýnt smáhunda af tegundinni griffon með prýðisgóðum árangri og hefur haldið námskeið og fyrirlestra um málefni tengdum hundum í fjöldamörg ár, bæði innan lands sem utan. Ennfremur heldur hún utan um verkefnið Hundavini hjá Rauða krossi Íslands og hefur gert það frá upphafi, eða árinu 2005 og vinnur, ásamt góðu fólki, að uppbyggingu lestrarverkefnisins R.E.A.D. (Reading Education Assistant dogs) á Íslandi sem viðurkenndur leiðbeinandi og matsmaður hunda. „Samvera hunds og manns er í forgrunni í báðum þessum verkefnum, sem miða að því að bæta líðan og auka lífsgæði fólks með markvissum samskiptum við hunda," segir Brynja.

Áhugi Brynju á hundum er einlægur og hið sama gildir um velferð HRFÍ. „Mér er annt um félagið og framtíð þess. Ég vona að hugmyndir mínar um fjölgun félagsmanna falli í frjóan jarðveg því HRFÍ verður aldrei hagsmunafélag allra hundaeigenda nema stækka og eflast verulega. Ég lít svo á að eitt brýnasta verkefni stjórnar HRFÍ sé nú að tryggja að stefnumótun félagsmanna verði fylgt eftir og að með því móti endurspegli starfsemi félagsins hug sem flestra félagsmanna," segir Brynja að lokum.

Augu sem bræða

Höfundur: Þórunn Inga Gísladóttir

Samband hunda og manna hefur verið óslitið frá örófi alda. Það er líka ekkert skrýtið, það finnst okkur hundaeigendum allavega ekki. Heimilishundurinn getur látið tárin hætta að streyma, sýnt samkennd og tillitssemi, verið leikfélagi, göngufélagi, eða bara vinurinn sem situr við hlið manns og segir ekki neitt en lætur manni líða dæmalaust vel. Það er löngu sannað að það lækkar blóðþrýsting bæði hjá hundum og mönnum þegar hundum er strokið í rólegheitunum dágóða stund. Allt þarf að rannsaka og fátt fer framhjá vökulum augum vísindamanna. Það er nefnilega spurning, hvernig stendur á þessu eilífa, ástar- og vináttusambandi manns og hunds? Sérstaklega í ljósi þess að nútímamaður, sem vinnur átta stunda vinnudag, sinnir fjölskyldu og áhugamálum, þrifum og öllum kvöðum sem hvíla á honum, skuli ofan á allt bæta við fjórfættu loðdýri, sem nagar jafnvel húsgögn, skilur hár eftir um allt og heimtar göngu í öllum veðrum þar sem eigandinn gengur við hlið hans með kúk í poka! Ætla mætti að það væri ekki fyrirhafnarinnar virði, en ó jú, það er reyndar svo. Hundaeigendur fá nefnilega vænan skammt af hormóninu oxytocin þegar þeir eiga samskipti við hundinn sinn. Og það er nú ekki lítill ávinningur - hormónið er okkur meinhollt.

Þetta eru svo sannarlega augu sem bræða. Ljósmyndari: Hjördís Ágústsdóttir.

Oxytocin er stundum kallað „ástar-hormónið“. Það hefur þau áhrif að traust, samstarfsvilji og örlæti eykst. Það gegnir veigamiklu hlutverki þegar kemur að því að mynda tengsl milli móður og afkvæma hjá spendýrum en það gegnir einnig sama hlutverki í félagslegum samskiptum sem hafa ekkert með æxlun að gera. Það er veigamikill þáttur í að mynda og viðhalda nánum félagslegum samböndum, líka á milli óskyldra einstaklinga og/eða af annarri tegund. Þetta hormón hefur áhrif á það þegar mismunandi tegundir dýra ganga hver annarri í móður stað, til dæmis þegar tík tekur að sér kettlinga.

Einn þeirra vísindamanna, sem hefur rannsakað samskipti hunda og manna og áhrif þeirra á aukningu oxytocins, heitir Takefumi Kikusui og er atferlisfræðingur í Azabu háskólanum í Sagamihara í Japan. Í tímaritinu Science er fjallað um rannsókn hans sem sýnir fram á að augnaráð

hunds hefur bein áhrif á framleiðslu hormónsins í báðum viðfangsefnum. Þetta skýrir sjálfsagt margt í tengslum við samband hunda og manna í gegnum tíðina. Rannsóknin var gerð bæði á hundaeigendum og úlfaeigendum, sem sagt fólki sem heldur úlfa sem gæludýr!

Rannsóknin var framkvæmd þannig að þvagi var safnað úr eigendunum og dýrunum, síðan var hver eigandi látinn leika einn inni í herbergi við hundinn/úlfinn sinn. Á meðan fylgdust rannsakendur með strokum, leik og samskiptum og þá sérstaklega augnsambandi þeirra á milli. Eftir á var annað þvagsýni tekið. Greinilegt var að pör, sem horfðust mest og lengst í augu, höfðu aukið oxytocin-magn í þvagi. Þetta var um 130% aukning í hundunum en 300% aukning í eigendum. Úlfarnir vildu síður mynda augnsamband við eigendur sína vegna þess að við þeirra náttúrulegu aðstæður þýðir augnsamband ógnun og áskorun.

Þetta, samkvæmt Takefumi, rennir stoðum undir það hvers vegna þessir ferfætlingar og menn yfir höfuð fóru að rugla saman reitum sínum. Hundsaugnaráðið eitt og sér lætur manninum líða vel og ýtir undir þörf hans til að hugsa um hundinn eins og móðir um barn sitt. Engin furða að hundum sé fyrirgefið fyrir sína verstu óknytti!

Einnig er gaman að spá í að hundar leitast við að horfa í augu eigenda sinna, þegar þeir eru að leysa ákveðin verkefni, í von um hjálp. Þetta virðist vera lærð hegðun sem hundar hafa tileinkað sér af nánum samskiptum við menn vegna þess að tamdir úlfar gera þetta ekki með mönnum. Það sem er áhugavert varðandi þetta er að enn er það svo að þegar hundar horfast í augu sín á milli getur það verið túlkað sem ógn en þegar hundur horfist í augu við eiganda sinn er allt annað upp á teningnum. Hundar hafa þróast á þann hátt í samskiptum sínum við menn að nota augnaráðið á allt annan máta en þeim var upprunalega eðlislægt.



Oxytocin-hormónið hefur vafalaust spilað stórt hlutverk þegar miniature pincher-tíkin, Lexy, tók að sér móðurlaust lamb á dögunum, Ljósmynd: Stella Sólveig Pálmadóttir.

Það er því aldrei að vita hvernig þetta samband hunds og manns á eftir að þróast enn frekar í framtíðinni. Frést hefur að hundur sé farinn að keyra bíl og annar tekur strætisvagn einn og fer í almenningsgarð, hleypur þar um og tekur svo aftur strætó heim.

Heimildir:

http://www.wired.co.uk/news/archive/2015-04/20/human-dog-bonding-oxytocin

http://www.natureworldnews.com/articles/14147/20150416/puppy-dog-eyes-gaze-driven-chemistry-makes-dogs-out-best.htm

http://www.sciencemag.org/content/348/6232/333

Ísabella Eir og Loki.
Loki dregur úr svefnörðugleikum Ísabellu sem þjáist af Smith Magenis heilkenni.

ÁHRIF HUNDAHALDS Á LÍF OG HEILSU ÖRYRKJA

Höfundur: Heiðrún Finnsdóttir

Hundar eru ótrúlegar skepnur og hafa breytt lífi margra eigenda sinna til hins betra. Rannsóknir hafa sýnt að hundahald dragi úr stressi, bæti andlega heilsu og geti styrkt sjálfsöryggi eigenda sinna. Að eiga hund dregur úr einmanaleika og oftar en ekki hafa eigendur hunda fundið virkt og skemmtilegt félagslíf í kringum hundinn og þær afþreyingar sem hundahaldið hefur upp á að bjóða. Jákvæðir kostir þess að eiga hund geta margfaldast þegar eigandi hundsins er með örorku af einhverju tagi og örorkubandalög víðsvegar um heiminn kjósa að hjálpa skjólstæðingum sínum að eignast hund og styrkja sambandið á milli hunds og eiganda.

Í kringum öryrkjana og hundana þeirra hafa sprottið upp góðgerðafélög sem sérhæfa sig í þjálfun hunda fyrir hreyfihamlaða einstaklinga og einstaklinga sem glíma við andleg veikindi. Hundarnir læra að opna og loka hurðum og sumir hundar kunna jafnframt að aðstoða eigendur sína við að klæða sig í og úr fötum. Það eru því ekki aðeins blindir sem njóta góðs af aðstoð hunds heldur geta líkamlega fatlaðir einstaklingar fengið mikla aðstoð í gegnum hundinn sinn en þar með er ekki öll sagan sögð. Hundar þurfa ekki sérstaka þjálfun til að bæta líf öryrkja. Stundum er nóg að fá hvolp inn á heimilið sem heldur einstaklingnum félagsskap og fær hann til að brosa. Hundurinn hvetur eigandann til að taka þátt í lífinu, fara út í göngutúra og gefur honum nýjan tilgang.

Hundar og þunglyndi

Þunglyndi getur verið fylgikvilli og ástæða örorkunnar. Þunglyndir einstaklingar eiga það til að einangrast frá samfélaginu og eru heimakærari en gott getur talist. Samkvæmt rannsóknum á vegum UCLA getur hundur bætt líðan hjá þeim sem kljást við þunglyndi til muna. Einstaklingurinn tekur að sér þá ábyrgð sem fylgir hundahaldinu og getur ekki skorast undan. Hann þarf að sýna hundinum ást og annast hann. Hundurinn dregur eigandann út í göngutúra og virkir hann. Í kringum eigandann og hundinn skapast dagleg rútína sem dregur úr þunglyndinu. Snerting við hundinn bætir líðan einstaklingsins og félagskapurinn sem hundurinn veitir verður honum ómetanlegur. Með tímanum bætir hundurinn ekki aðeins andlega heilsu eigandans heldur getur hann lækkað blóðþrýsting, dregið úr streitu og bætt nætursvefn.

Bæta félagslega færni barna með þroskaskerðingu

Líkamlega fatlaðir einstaklingar eru ekki þeir einu sem njóta góðs af hundahaldinu heldur á það einnig við um fólk sem glímir við andlegar fatlanir og veikindi. Í rannsókn gerðri af Marine Grandgeorge frá árinu 2012 kom fram að félagsleg hegðun barna með þroskaskerðingu bættist til muna ef börnin fengu hund eða kött eftir 5 ára aldur. Börnin tóku virkan þátt í umönnun hundsins sem varð fljótt mikilvægur hluti af lífi barnanna. Í gegnum hundinn lærðu börnin að sýna samúð og bættu félagslegan þroska sinn umtalsvert.

Áhrif hunda á lífsgæði öryrkja

Mörg samtök sérhæfa sig í þjálfun hunda og kenna þeim að aðstoða fólk sem misst hefur útlim, er lamað, heyrnarlaust, flogaveikt, sykursjúkt og svo framvegis. Hundur getur lært að þekkja lyktina sem einstaklingur gefur frá sér áður en flogaveikikast skellur á eða þegar blóðsykur fellur og lætur einstaklinginn vita svo hann geti brugðist við í tæka tíð. Þess konar hundar geta skipt sköpum í lífi hins flogaveika og sykursjúka og getur þátttaka þessara hunda í lífi eigenda sinna skilið á milli lífs og dauða.

Ef líkamlegri getu einstaklings er hamlað á einhvern máta geta hundar bætt lífsgæðin til muna. Það er hægt að kenna hundunum alls konar hluti og þá ekki bara að setjast og leggjast eftir skipun. Hægt er að kenna þeim að opna skúffur og skápa sem einstaklingurinn getur ekki teygt sig í. Hundarnir geta tekið úr þvottavélum og þurrkurum, hjálpað einstaklingum að versla og borgað þegar á kassann er komið. Sérþjálfaðir hundar geta meira að segja rennt rennilásum á fatnaði eigenda sinna og aðstoðað þá við að klæða sig í og úr skóm, þeir kveikja og slökkva ljós, sækja síma og taka þátt í öllum daglegum athöfnum eigenda sinna.

Hundar sem eru þjálfaðir til þess að aðstoða einstaklinga við daglegar athafnir geta komið í stað umönnunaraðila og veitt hreyfihömluðum einstaklingum sjálfstæði. Einstaklingurinn þarf þá ekki að reiða sig á einhvern annan til þess að lifa eðlilegu lífi heldur þarf hann aðeins á hundinum að halda.

Þeir sem hafa fengið þjónustuhunda sem þessa segja líf þeirra hafa tekið jákvæðum breytingum vegna hundanna. Einstaklingarnir telja sig hafa öðlast meira sjálfstæði og geta ekki ímyndað sér lífið án hundanna.

Leiðsögu-, þjónustu- og hjálparhundar á Íslandi

Eins og flestir hundaeigendur hérlendis vita hafa Íslendingar ekki mikinn skilning á hundahaldi. Hundar eru víðast hvar ekki velkomnir með eigendum sínum. Til dæmis hefur leiðsöguhundum ítrekað verið vísað frá vegna banns um hundahald í íbúðum og á veitingastöðum jafnvel þó lög kveði á um að leiðsöguhundar megi fylgja eigendum sínum á alla þá staði

Svanhildur Anna Sveinsdóttir með sinn fyrsta leiðsöguhund, Exo.

Litla stúlkan Lily sem býr í Washington í Bandaríkjunum ásamt þjónustuhundinum Spencer. Hann lætur foreldra Lily vita áður en hún fær flog.

sem opnir eru almenningi. Þrátt fyrir mótlætið sem hundaeigendur takast á við hér á landi hefur Þjónustu- og þekkingarmiðstöð blindra unnið frábært verk og í samstarfi við hundaþjálfara hefur miðstöðin þjálfað íslenska hunda sem leiðsöguhunda fyrir blinda.

Hundar sem aðstoða hreyfihamlaða við daglegar athafnir eru af skornum skammti hérlendis en þó eru til dæmi um þess konar hjálparhunda. Þá eru einnig til dæmi þess að íslenskir heimilishundar vari eigendur sína við áður en þeir fá flog. Þeir hundar hafa fæstir hlotið sérþjálfun en hafa lært inn á eigendur sína með tíð og tíma.

Hjálparsamtök á Íslandi

Rauði kross Íslands hefur frá árinu 2005 haft hunda í hópi heimsóknarvina sinna og eru þeir kallaðir Hundavinir. Sjálfboðaliðar fara með hunda sína í heimsóknir, til dæmis á hjúkrunarheimili, dvalarheimili, einkaheimili og í sambýli. Allir sjálfboðaliðar sækja námskeið áður en þeir fara í heimsóknir. Einnig eru hundarnir metnir og gengið úr skugga um að þeir henti í verkefni af þessu tagi.

Samtökin Vigdís - vinir gæludýra á Íslandi hafa einnig rutt steini úr vegi þjónustuhunda hérlendis með framtaki sínu en þau hafa boðið börnum að lesa fyrir ferfætlingana. Vigdís er í samstarfi við bandarísku samtökin Intermountain Therapy Animals og er umsjónaraðili R.E.A.D. (Reading Education Assistance Dogs) á Íslandi. Sem stendur hefur einn Íslendingur, Brynja Tomer, réttindi til að leiðbeina sjálfboðaliðum og meta hundana. Á vegum Vigdísar - vina gæludýra á Íslandi hefur verið boðið upp á vikulegar lestrarstundir í Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi síðustu fimm misseri í samstarfi við skólastjórnendur og sérkennara. Við Háskóla Íslands var gerð rannsókn á árangri þessa úrræðis og er þess vænst að niðurstöður liggi fyrir haustið 2015. Ennfremur hafa samtökin boðið upp á svokallaðan yndislestur þar sem börn hitta hunda í bókabúð og lesa fyrir þá, sér til gleði, ánægju og yndisauka.

Í R.E.A.D. fá börnin fullkominn hlustanda sem hvorki leiðréttir, gagnrýnir eða flissar þótt lesið sé vitlaust. Hundalestur sem þessi hvetur börnin til að lesa sér til skemmtunar og hefur jafnframt hjálpað börnum sem glíma við lestrarerfiðleika af ýmsum toga.

Þó að þessi grein stikli á stóru verður því ekki neitað að dýr hafa jákvæð áhrif á þá sem umgangast þau. Alls staðar í heiminum bjóða endurhæfingarstofnanir upp á endurhæfingu með dýrum. Smáhestar, höfrungar og jafnvel snákar hafa hjálpað mörgum einstaklingum í gegnum lífið en hundarnir hafa það þó fram yfir höfrungana að þeir geta búið inni á heimili einstaklingsins og verið honum félagsskapur allan sólahringinn. Það er ekkert því til fyrirstöðu að Íslendingar viðurkenni hunda sem mikilvæga hjálp og aðstoð við öryrkja

Heimsóknarvinur á vegum Rauða kross Íslands nýtur sín vel innan um áhugasama eldri borgara.

Ævintýri hunds
í Húsdýragarðinum

Höfundur: Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Stella Kristjánsdóttir hefur alla tíð verið mikil dýramanneskja og byrjaði snemma að taka flækingsketti heim með sér og ganga með hundana í hverfinu. Hún hefur unnið í Húsdýragarðinum í fjölmörg ár og þykir mörgum dýravinum starf hennar eflaust öfundsvert enda er von á alls kyns uppákomum á hverjum degi. Stella er mörgum hundaeigendum góðkunn en hún starfaði á Dýraspítalanum í Garðabæ og var einnig mjög virk í starfi HRFÍ þegar hún átti dobermann-hundana Seif og Heru, bæði í vinnu og á sýningum. Gaman er að segja frá því að Seifur varð fyrsti dobermann-hundurinn á Íslandi til að öðlast alþjóðlegan meistaratitil með vinnuprófum (C.I.B.) og var einnig íslenskur meistari og bar því nafnið C.I.B. ISCh Pjakkar Seifur. Seifur og Hera eru bæði fallin frá en nýlega kom labradorblendingurinn, Kaffon, inn í líf Stellu.

Sámi lék forvitni á að kynna sér starf Stellu í Húsdýragarðinum betur, sérstaklega í ljósi þess að hundarnir hennar hafa fylgt henni í vinnunni alla tíð.

Stella eignaðist sinn fyrsta hund um 14 ára gömul en það var blendingstík, ekki ósvipuð Kaffon. Sú tík fylgdi Stellu út um allar trissur í þau 16 ár sem hún lifði. Nokkrum vikum áður en hún féll frá eignaðist hún dobermann-rakkann Seif og þremur árum seinna dobermann-tíkina Heru. Í dag á hún labradorblendinginn Kaffon sem er tæplega 1 árs. Stella tekur oft að sér að passa hunda fyrir aðra og segir það hafa gefið sér mikið enda alls kyns karakterar þar á ferð.

Tengdist dýrunum tryggðarböndum

Dobermann-hundurinn Seifur mun ávallt eiga sérstakan stað í hjarta Stellu en hún segir þau hafa verið sálufélaga á ákveðinn hátt. „Hann var algjör eðalhundur og það var mikill missir þegar hann kvaddi en hann náði að upplifa mjög margt á sinni ævi og fylgdi mér alltaf í vinnunni í Húsdýragarðinum. Hann lifði ekkert ósvipuðu lífi og Kaffon gerir í dag.“ Seifur tengdist dýrunum í garðinum sterkum tryggðarböndum sem var hrein unun að fylgjast með, að sögn Stellu. „Hann lagði sig til dæmis alltaf hjá einni kúnni og þau gáfu hvort öðru klór og keluðu saman. Svo þegar hún bar kálfum hjálpaði Seifur henni við að kara þá en oftast fýkur í nýbakaðar mæður þegar hundar eru að væflast í kringum afkvæmin þeirra. Hins vegar treystu þær allar Seif fyrir afkvæmum sínum.“ Seifur tók einnig þátt í að taka á móti grísunum og fylgdist vel með þeim í uppvextinum. „Hann sá um að þeir væru með hrein eyru og rassa og rak þá

undir hitaperuna þegar honum fannst tími til og lagði sig hjá þeim. Útlendingar, sem heimsóttu garðinn, voru alveg yfir sig hrifnir af þessu!“ Alla morgna þegar Stella og Seifur mættu í fjárhúsið til að gefa fyrir mjaltir fór Seifur alltaf og heilsaði kindunum. Sumar voru í meira uppáhaldi en aðrar og þær stilltu sér alltaf upp fyrir hann og hann tannaði þær á bak við eyrun og dekraði við þær. Einn veturinn voru þau með eina unga kind sem var oft ein og þau Seifur voru oft saman úti í gerði á meðan Stella þreif. Þar hoppuðu þau og skoppuðu um allt og voru miklir vinir. Árið eftir þegar kindin bar lömbum hætti hún alveg að vera vinkona Seifs sem skildi ekkert þessa geðvonsku í henni! Sama hvað hann reyndi að blíðka hana þá tókst það ekki fyrr en um haustið.

Stella segir sögurnar af Seif og dýrunum í garðinum fjölmargar en hann var einnig vinsæll hjá krökkunum, sýndi þeim alls kyns listir og var mjög þolinmóður gagnvart öllum þeim sem vildu gefa honum klapp og knús. „Ég er nokkuð viss um að ef Facebook og Instagram hefðu verið til í þá daga þá hefði Seifur orðið heimsfrægur,“ segir Stella og hlær.

Kaffon og Stella

Í fyrrasumar var Stella gestkomandi á Akranesi en þar var labrador-tík með 9 blendingshvolpa. „Ég var svo sannarlega ekki í hvolpshugleiðingum á þessum tíma og ætlaði ekki að fá mér blendingshvolp! Hvolparnir voru að sjálfsögðu ofboðslega sætir en gripu þannig séð ekki athygli mína. Það var ekki fyrr en einn hvolpanna náði athygli minni með furðulegum hætti. Hann skar sig alveg úr hópnum, var dekkri en hinir og sat hugsi og fylgdist með á meðan systkinin voru á útopnu. Ég held, svei mér þá, að það hafi birst geislabaugur yfir höfðinu á honum! Þarna var sjálfur Kaffon mættur og ekki var aftur snúið.“ Nafnið Kaffon er til komið vegna móður Stellu sem lést fyrir nokkru. Hún vildi alltaf að Stella nefndi hundana sína Kaffon en langafi Stellu átti gulan sveitarhund sem hét Kaffon og átti móðir Stellu góðar minningar um þann hund. Fyrir nokkrum árum lofaði Stella móður sinni að hún myndi nefna framtíðarhundinn Kaffon og sú varð raunin.

Dæmigerður dagur í lífi Kaffons

Líkt og Seifur hefur Kaffon fylgt Stellu í vinnunni síðan hann var lítill hvolpur. Þau mæta eldsnemma í vinnuna flesta daga og byrja á að gefa í fjárhúsunum og taka rúnt um húsin. Svo þarf að sjálfsögðu að mjólka kýrnar en Kaffon er duglegur að hjálpa til við það og finnst gott að fá smá mjólkursopa. „Hann er byrjaður að mynda tengsl við sum dýrin og fer til þeirra og þrífur þau. Grísirnir eru í algjöru uppáhaldi en það er nóg fyrir mig að opna inn til þeirra og þar getur hann dundað sér á meðan allt fjósið er þrifið hátt og lágt.“ Um daginn voru Stella og Kaffon í löngu helgarfríi og á meðan höguðu grísirnir sér furðulega að mati dýrahirðisins sem var á vakt. Þeir komu inn, borðuðu örlítið og stilltu sér svo upp við hliðið þar sem Kaffon er vanur að koma inn og kvörtuðu og kveinuðu. Dýrahirðirinn skildi ekkert í þessu en kveikti svo á perunni að sennilega væru þeir að bíða eftir góðvini sínum, Kaffon.

Á eigin forsendum

Kaffon þarf þó stundum að bíða inni á skrifstofu vegna þess að hann er ungur og þarf sína hvíld og einnig þarf Stella að sinna verkum þar sem ekki hentar að hafa hann með. Að sögn Stellu taka flest dýrin honum vel og er hann góður við þau. „Þetta snýst allt um að fá að leyfa dýrunum að kynnast á eigin forsendum. Það þýðir ekki að þvinga þau til neins og best er að skipta sér sem minnst af. Það hefur reynst mér afar vel í gegnum tíðina. Ég hef oft orðið vitni að því að fólk togi hundana sína í átt að einhverju og neyði þá til að skoða en það myndar bara spennu.“ Fyrstu dagana kom Kaffon ekki nálægt neinum dýrum, var smeikur við þessa nýju veröld og hélt sig fyrir aftan Stellu. Með tímanum óx sjálfstraustið og forvitnin varð svo mikil að hann þurfti að skoða allt og hlaupa aðeins á eftir hænunum.

Kaffon fær að umgangast flest dýrin nema þau sem eru í skriðdýrahúsinu en annars fylgir hann Stellu í nánast öll verk sem þarf að inna af hendi. Stella hefur mikinn áhuga á atferli dýra og þykir henni sérlega skemmtilegt að fylgjast með öllum þeim uppákomum sem verða í lífi Kaffons. „Það er stórkostlegt að fylgjast með því hvernig hann bregst við dýrunum og þau við honum. Ég held að það væri alveg sama hvaða tegund af hundi ég ætti, honum myndi alltaf lynda vel við önnur dýr, óháð eðli. Þetta snýst meira um hugarfar mannsins varðandi hvað verða vill frekar en annað. Mér finnst alltaf jafnsorglegt þegar fólk hefur fyrirfram mótaðar skoðanir um ákveðnar „hættulegar“ tegundir. Þetta snýst allt um uppeldi og aðbúnað þó að vissulega verði maður að hafa í huga hvað er tegundinni eðlislægt. Það er ekkert ómögulegt ef hvolpur er heill á geði yfir höfuð og farið er rétt að í uppeldinu. Ég hef til dæmis aldrei kynnst ástríkari hundi en Seif. Hann leit á flest dýrin sem sína eigin fjölskyldu og ég hafði aldrei áhyggjur af því að hann myndi skaða nokkurt dýr. Það var hrein unun að fylgjast með honum og samböndunum sem hann myndaði við dýrin upp á eigin spýtur.“

Stella stefnir á að fara með Kaffon á smalahundanámskeið fljótlega og ætlar að athuga hvort smalamennskan sé honum í blóð borin. Hún vill benda áhugasömum á að hægt er að fylgjast með ævintýrum Kaffons á Instagram en slóðin er stellakristjáns.

„Ha, ég? Nei, ég var ekki að stríða hænunum!“

Kaffon og kindurnar eru góðir vinir.

Vinirnir í fótbolta.

Kaffon að leika við grísina.

Kaffon er mjög forvitinn og langar að kynnast selunum betur!

Seifur ásamt vini sínum, selnum.

DAGUR MEÐ DÝRA

Silky terrier-rakki í geldingu.

Höfundur: Sigríður Jónsdóttir

Dýralæknamenntunin er menntun á háskólastigi sem tekur frá fimm og hálfu ári upp í sex og hálft. Dýralækningar eru ekki kenndar hér á landi og hafa dýralæknar, sem starfa hér á landi, sótt menntun sína annars staðar á Norðurlöndunum og í nokkrum öðrum löndum Evrópu.

Það er sorgleg staðreynd að mati undirritaðrar að slíkt nám sé ekki kennt hér heima, þar sem annars konar iðnnám og háskólanám sem snúa að aðhlynningu og læknisfræði eru kennd hér á landi. Í könnunum, sem gerðar hafa verið annars staðar á Norðurlöndunum, kemur fram að dýralæknanámið er talið eitt erfiðasta háskólanám sem boðið er upp á. Þar sem skólagjöld eru er dýralæknanámið með ein hæstu skólagjöldin. Fjöldi dýralækna hefur vaxið gríðarlega frá fyrstu tölum en frá árunum 1940-2010 hefur fjöldinn farið úr sex starfandi dýralæknum upp í 119 (51 karl og 68 konur).

Vegna mikils áhuga og aðdáunar í garð dýralækna og þeirra starfs ákvað ég að gera mér dagamun og fá að fylgja dýralæknunum á Dýraspítalanum í Víðidal einn dag og upplifa umhverfið og starfsemina sem fer fram innan veggja dýraspítalans. Eðli málsins samkvæmt upplifir maður aðeins örlítið sýnishorn af því fjölbreytta, erfiða en jafnframt gefandi starfi sem dýralæknar sinna alla daga ársins en þennan daginn vantaði svo sannarlega ekki upp á fjölbreytnina.

Ég var mætt fyrir utan dýraspítalann klukkan 9 að morgni mánudags. Þegar ég kom var vinnudagurinn byrjaður og klukkutímanum betur og undirbúningur dagsins nú þegar hafinn.

Ég varð strax forvitin um verkaskiptingu á milli starfsmanna á spítalanum, enda margir dýralæknar starfandi á spítalanum. Því var fljótt svarað - verkaskiptingin fer að mestu eftir áhugasviði hvers og eins. Ýmis verkefni voru á dagskrá yfir daginn.

Tannhreinsun

Tannhreinsun á íslenskum fjárhundi og chihuahua var eitt af því fyrsta sem að ég fylgdist með. Það er mikil þörf á vitundarvakningu hunda- og kattaeigenda um tannhirðu á dýrunum sínum. Sem dæmi eru hundar með 42 tennur og hafa dýralæknarnir í Víðidal þurft að fjalægja rúmlega 20 tennur úr hundi vegna slæmrar tannhirðu. Mikilvægt er að hundar hafi ávallt bein, að tennur þeirra séu hreinsaðar en hjá smáhundum sérstaklega þarf jafnvel að bursta tennurnar reglulega. Tannhirða er ekki síður mikilvæg en ormahreinsun eða bólusetning og er það áhyggjuefni hversu illa hirt sum dýrin eru og hve seint og illa eigendur bregðast við vandanum sem getur skapast í tönnum þeirra.

Íslenskur fjárhundur í tannhreinsun.

Júguræxli

Klukkan 10:30 var komin á skurðarborðið lítil og nett chihuahua-tík sem var með æxlismyndun á júgrum, svokallað júguræxli. Tíkin var með blöðrur í júgurvef og lítil æxli sem voru vel greinileg þegar betur var skoðað. Við undirbúning á aðgerð kom í ljós að á einum stað, þar sem talið var að júguræxli væri, var um nárakviðslit að ræða. Tíkin var svæfð og síðan skorin upp. Teknir voru burt þrír spenar og júgurkirtlarnir fjarlægðir þar sem æxlin höfðu myndast. Aðgerðin var aðeins umfangsmeiri en haldið var í byrjun en gekk þó vel og frábært að fylgjast með

faglegum og öruggum vinnubrögðum þeirra sem að aðgerðinni komu. Tækifærið var nýtt og klær snyrtar eftir aðgerð og var hugað að sjúklingnum af mestu alúð og nærgætni. Tíkin var höfð á spítalanum fram eftir degi við eftirlit svo hægt væri að fylgjast með líðan hennar og hvort blóðsöfnun ætti sér stað í skurðinum.



Eggjaleiðarar í læðum eiga að vera örmjóir og ekki jafn-þykkir og sverir eins og sjá má á myndinni.

Gelding

Mér þótti mikið fagnaðarefni að heyra, þegar ég spurði út í geldingu katta og vitundarvakningu á meðal kattareiganda, að aukning væri í geldingu, örmerkingu og skráningu katta. Ég fylgdist með geldingum á einu fressi, tveimur læðum, einum rakka og einni tík. Gelding, örmerking, ormalyf og dýraauðkenni eru á tilboði hjá Dýraspítalanum í Víðidal sem og á fleiri dýraspítölum. Dýrin eru fljót að jafna sig, aðgerðin er lítil og gengur alla jafna vel fyrir sig. Læðurnar tvær sem komu í geldingu voru af sama heimili en báðar höfðu þær verið á getnaðarvarnarpillunni fyrir ketti í mörg ár, orðnar 7 og 8 ára gamlar.

Ófrjósemisaðgerðin hefur hvorki áhrif á skapgerð né hegðun læðunnar gagnvart eigandanum. Með aðgerðinni hættir læðan að breima og verður heimakærari.

Í boði er að fá pilluna fyrir læðuna en ófrjósemisaðgerðin er varanleg lausn og er hún einföld þó inngripið sé meira en hjá fressunum. Pillan getur einnig haft slæmar afleiðingar fyrir læðuna og þá sérstaklega ef litið er til lengri tíma. Eldri læðan, sem kom í geldingu, var gott dæmi um slíkan kött. Hún var illa farin af pillunni innan frá, með óútskýrt æxli hjá eggjaleiðurum, ofvöxt á eggjaleiðurum og voru erfiðleikar við að ná þeim. Til öryggis var ákveðið að taka frekar legið og eggjastokkana en þá er aðgerðin orðin töluvert stærri en ella.

Dýralæknarnir mæla eindregið frekar með geldingu frekar en pillunni fyrir kettina og hafa rannsóknir sýnt að ef gelding er framkvæmd snemma á læðum minnkar það líkur á júguræxli umtalsvert. Seinni læðan, sem var yngri og kom frá sama heimili, var öllu betur á sig komin. Hún var með stinnt leg, jafnt og ekkert óeðlilegt nema þá að kannski mætti nefna stærri eggjastokka og eggjaleiðara en ella.

Heilbrigt eista í hundi.

Snemma um morguninn hafði ég fylgst með þar sem Ólöf Loftsdóttir, dýralæknir, var að rannsaka lítinn chinese crested-hvolp sem var einungis 6 mánaða gamall. Hann var óvenju smár, léttur og lítill og höfðu eigendurnir áhyggjur af honum og líðan hans. Hann var settur í blóðrannsókn til að reyna að fá útskýringu á ástandi hans og leitað var að orsök vandans. Blóðprufan er send erlendis til rannsóknar og tekur aðeins örfáa daga að fá niðurstöður sendar til baka.

Á dýraspítalanum í Víðidal eru fyrirfram ákveðnar aðgerðir yfirleitt framkvæmdar fyrir hádegi. Engar tímapantanir eru, nema fyrir aðgerðir. Viðmótið, starfsfólkið, vinnuumhverfið og vinnuandinn er virkilega ánægjulegur og gaman að verða vitni að léttum starfsanda og gleði hjá starfsfólkinu.

Röntgenmynd af ketti sem fór úr mjaðmalið.

Á myndinni má sjá að kötturinn er kominn aftur í lið.

Besti hundur sýningar – 1. sæti
St. bernharðshundur snöggh.
C.I.B. RW-14 RW-13 ISCh Bayero's Magic Dream
Eigandi: Guðný Vala Tryggvadóttir
Ræktendur: Lillevik May Inger & Hjeldnes Trond

Alþjóðleg sýning HRFÍ
28. febrúar – 1. mars

Alþjóðleg sýning HRFÍ fór fram helgina 28. febrúar til 1. mars en 766 hreinræktaðir hundar af 82 tegundum voru skráðir til leiks ásamt 22 ungum sýnendum. Dómarar að þessu sinni voru Martin Johansson frá Svíþjóð, Janusz Opara frá Póllandi, Hassi Assenmacker-Feyel frá Þýskalandi, Tomas Rohlin frá Danmörku og Vincent O´Brien frá Írlandi.

Höfundar: Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Guðrún Margrét Baldursdóttir
Ljósmyndir: Ágúst Ágústsson

Gæðin komu á óvart

Hassi Assenmacker-Feyel frá Þýskalandi sagðist ekki hafa dæmt áður á Íslandi. Hún sagði að gæði hundanna hefðu verið mun meiri en hún hefði búist við og það hefði komið henni þægilega á óvart. Hún dæmdi schnauzer og var mjög ánægð með þá hunda. Dvergschnauzer-hundarnir hefðu verið bestir í þeim hópi og var hún ánægð með alla liti. Hún var einnig mjög ánægð með dobermann-tík sem var besti hundur tegundar. Hassi dæmdi marga hunda úr tegundahópi 9 og sagðist sérstaklega vilja minnast á miniature poodle-tíkina sem hefði unnið tegundahóp 9, hún væri einstök. „Tíbet spaniel-hundar voru einnig af miklum gæðum", sagði Hassi. Hún sagði vandamálið hjá frönskum bulldog vera skottið og það hefði ekki leynt sér hjá íslensku hundunum en þetta væri vandamál alls staðar.

St. bernharðshundurinn einstakur

Hassi dæmdi besta hund sýningar og sagðist hafa verið mjög ánægð með sex af níu hundum. St. bernharðshundurinn, sem varð besti hundur sýningar, væri einstakur með frábærar hreyfingar. Hundarnir í öðru til fjórða sæti væru allir frábærir einstaklingar á sinn hátt en st. bernharðshundurinn hefði borið af.

Hún var spurð hvort hún hefði einhver góð ráð og sagðist í raun ekki geta svarað því að öðru leyti en að verið væri

að vinna gott starf á Íslandi. Hún sagðist einnig vilja þakka fyrir móttökurnar og sérstaklega frábæra kvöldstund í Perlunni.

Martin Johansson frá Svíþjóð var ánægður með dómaraboðið og skipulag sýningarinnar. „Mér líkar vel við Ísland og hlakkaði til að koma. Sýningin var mjög góð og gæðin frekar góð miðað við stærð landsins."

Misjöfn gæði í labrador

Góð skráning var í labrador retriever sem var fjölmennasta tegundin á sýningunni. Gæðin voru misjöfn að mati Martin, sumir mjög góðir einstaklingar og aðrir sem voru alls ekki dæmigerðir fyrir tegundina. Það sem helst var að í tegundinni var of lág skottstaða og feldur margra var ekki í nægilega góðu ástandi. „Ég gaf fimm hundum núll (e. disqualified) þar sem þeir litu ekki út eins og tegundin á að gera, jafnvel þó að þeir séu notaðir í veiði. Labrador, sem lítur út eins og ræktunarmarkmiðið segir, á að geta sótt og skilað bráð og það gera svo sannarlega margir." Enskur springer spaniel sigraði tegundahóp 8 og var Martin mjög hrifinn af honum.

Tegundahópur 7

Hann dæmdi tegundir í tegundahópi 7 og sagði gæðin misjöfn. Hann var nokkur sáttur með írskan setter en sagði þá þó vanta meiri fyllingu í brjóstkassa og það sama var uppi á teningnum í weimaraner. „Ég dæmdi nokkra góða weimaraner-hunda en það sem þá vantaði helst var fylltari og dýpri brjóstkassi og sumir voru með of mjó tryni." Martin ræktar gordon setter og var nokkuð ánægður með þá sem hann dæmdi á sýningunni. Sumir enskir setterar voru of litlir og af svokallaðri skandinavískri tegundargerð og enginn fulltrúi var valinn sem besti hundur tegundar í breton. „Ég dæmdi einn sem var nokkuð fallegur en því miður allt of stór." Vorsteh voru að hans mati nokkuð góðir og var hann ánægður með besta hund tegundar sem sigraði tegundahóp 7.

Í tegundahópi 9 dæmdi hann papillon en fjölmargir voru skráðir til leiks. Hann var nokkuð sáttur með tegundina í heild sem og griffon.

Hæfileikaríkir ungir sýnendur

Martin sagðist ánægður með gæði flestra hundanna í úrslitum sýningar og sagði þau mjög mikil miðað við hve lítið Ísland er. Hann dæmdi sjálfur keppnina um besta hvolp sýningar og sagði það hafa verið auðvelt val að velja í verðlaunasætin. Einnig dæmdi hann keppni ungra sýnenda og sagði alla sýnendur mjög hæfileikaríka og ættu þeir framtíðina fyrir sér.

Sáttur með gæðin

Vincent O´Brian frá Írlandi kvaðst ánægður með skipulag sýningarinnar og gestrisni HRFÍ. Hann var nokkuð sáttur við sýningarsvæðið þó að hringirnir hefðu mátt vera stærri. „Starfsfólkið í hringnum var gott, maturinn í hringnum ljúffengur og svo má ekki gleyma því að ég var mjög ánægður með dómaranemann minn."

Hann sagðist ánægður með allar þær tegundir sem hann dæmdi. Einn petit basset griffon vendén var skráður til leiks en aðeins einn hundur af þeirri tegund er til á Íslandi. Vincent var hrifinn af honum og sagði hann mjög góðan fulltrúa tegundarinnar, með góð bein og fyllingu, rétta skapgerð, vel byggðan og með góða topplínu.

Golden retriever-hundarnir voru nokkuð misjafnir að hans mati. „Sumir voru ekki með rétt augu en þau voru of „starandi" en svipur þeirra á að vera mildur. Sumir voru aðeins of þungir og í stærri kantinum. Skapgerð þeirra var almennt góð og hreyfingar voru í lagi þó erfitt hafi verið að sjá þær almennilega þar sem hringurinn var svo lítill."

Besti hundur sýningar – 2. sæti
Poodle, miniature
Kudos Lyckliga Gatan
Eigendur: Ásta María Guðbergsdóttir & Mikael Nilsson
Ræktendur: Mikael Nilsson & Ruby Lindeman

Besti hundur sýningar – 3. sæti
Welsh corgi pembroke
C.I.B. ISCh RW-14 ISW-13 RW-13
Ryslip Celtic Tiger at Craigycor
Eigandi: Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir
Ræktandi: Mrs. Caty Elizabeth Cartlidge

Besti hundur sýningar – 4. sæti
Íslenskur fjárhundur
ISCh Snætinda Vaka
Eigendur/ræktendur: Sunna Líf Hafþórsdóttir/ Hafþór Snæbjörnsson/Unnur Sveinsdóttir

Besti öldungur sýningar 1. sæti
Briard
C.I.E. ISShCh Lizabett Forest Dazzler HIT
Eigandi: Elín Lára Sigurðardóttir
Ræktandi: Mrs V E Jennings

Tegundahópur 3 – 1. sæti
Yorkshire terrier
ISCh Gulltoppa Daði
Eigendur/ræktendur: Sigrún Gréta Einarsdóttir & Þórarinn Pálsson

Tegundahópur 4/6 – 1. sæti
Petit basset griffon vendeen
RW-14 Red Hot Chili V. Tum-Tums Vriendjes
Eigandi: Karen Ösp Guðbjartsdóttir
Ræktandi: G.M. Huikeshoven

Terrier-hundar

Vincent dæmdi terrier-hundana og var mjög sáttur við almenn gæði tegundanna. Hann var hrifinn af silky terrier og sagði þá almennt af réttri tegundargerð og með rétta skapgerð. Hann var einnig ánægður með feldgerðina og sagðist ekki hafa orðið var við nein sérstök vandamál í tegundinni. West highland white terrier var góður fulltrúi að hans mati. „Þessi var með mjög góðan frampart sem er oft vandamál í tegundinni, með góðan brjóstkassa og samsvaraði sér mjög vel. Hún var með rétta terrier-skapgerð og bar skottið á réttan hátt.“ Það sama sagði hann um fulltrúa dandie dinmont sem var með falleg augu og sterkan kjálka sem væri mikilvægt í tegundinni. Hann var mjög hrifinn af border terrier og sagði þá mjög heilbrigða og lipra með góða afturvinkla og góða feldgerð. Yorkshire terrier voru sístir af terrier-tegundunum að hans mati en marga þeirra vantaði meiri fyllingu og betri líkamsbyggingu.

Besti hundur tegundar í ameríska cocker spaniel var verðugur fulltrúi tegundarinnar og sagði Vincent að hann gæti unnið hvar sem er í heiminum, jafnvel í Bandaríkjunum! Almenn gæði í enskum cocker spaniel voru til staðar og sagðist hann hafa fundið mjög falleg höfuð en þó hefðu sumir hreyft sig dálítið þröngt að aftan.

Chihuahua sterk tegund á Íslandi

Chihuahua voru almennt góðir að hans mati. „Þeir snögghærðu voru með mjög góð höfuð sem voru í laginu eins og epli. Sumir voru því miður ekki með rétt bit og komust þess vegna ekki lengra. Ég myndi segja að tegundin væri nokkuð sterk á Íslandi.“ Aðeins tveir maltese-hundar voru skráðir og var Vincent hrifnari af þeim yngri sem var í betri hlutföllum og með betri feld og spáði því að framtíð hans yrði björt.

Australian shepherd misjafnir

Í australian shepherd voru gæðin misjöfn og sagðist hann hafa gefið um 40% hundanna excellent en 60% very good. „Margir voru með lausar axlir og sumir stuttfættir. Besti hundur tegundar var 9 ára en mjög heilbrigður, með frábærar hreyfingar og sterka topplínu.“ Einnig var hann mjög ánægður með besta hund tegundar í welsh corgi pembroke sem var valinn annar besti hundur sýningar.

Hann dæmdi úrslit um besta öldung sýningar en þar varð hlutskörpust 10 ára gömul tík af tegundinni briard. „Þessi tík var frábær fulltrúi tegundarinnar, vel byggð og með góðan feld. Eigandi hennar getur svo sannarlega verið stoltur af henni.“

Vincent sagði að greinilegt væri að Íslendingar vissu almennt hvað þeir væru að gera þegar kæmi að ræktun. „Gætið þess að nota aðeins línur sem þið þekkið vel og reynið að fá að sjá afkvæmi hundanna áður en þið notið nýtt blóð.“

Heppinn með tegundir

Tomas Rohlin frá Danmörku hefur komið til Íslands áður en þó ekki sem hundadómari. Hann sagðist hafa verið heppinn með tegundir þar sem hann hefði bæði dæmt íslenska fjárhundinn og siberian husky. Í íslenska fjárhundinum hefðu verið það margir einstaklingar að hann hefði getað valið hóp þeirra bestu og síðan þá bestu úr þeim hópi. „Tíkin sem vann tegundina er frábær fulltrúi hennar að öllu leyti.” Hann sagði að huskyinn hefði einnig verið sterk tegund þótt ekki hefði verið um alveg sömu gæði að ræða. Tomas sagðist hafa dæmt marga schäfer-hunda og verið mjög ánægður með sigurvegarana. „Ég var líka ánægður með skapgerðina hjá hundunum og sýnendurna“, sagði Tomas. Aðrar tegundir hefðu verið með færri hundum en hann hefði verið sáttur með hundana í fyrstu sætum.

Tomas dæmdi tegundahópa 1 og 5 og sagðist hafa verið mjög hrifinn af efstu tveimur hundunum í hvorum hópi en það voru welsh corgi pembroke og schäfer í tegundahópi 1 og íslenskur fjárhundur og siberian husky í tegundahópi 5. Hann sagði efstu hundana í tegundahópi 1 vera afburða góða hunda, schäfer-hundurinn væri ekki ýktur að neinu leyti og sýnandinn hefði sýnt hundinn mjög vel. Þessir tveir hundar gætu unnið tegundahóp hvar sem væri.

Fallegir hundar í úrslitum

Tomas sagði ótrúlegt að á sýningu með aðeins 750 hundum hefðu hundarnir í keppni um besta hund sýningar getað sómt sér hvar sem var í heiminum. Hann hefði verið mjög ángæður með fyrstu fjögur sætin en persónulega hefði hann mögulega viljað sjá íslenska hundinn ofar. „Ég hef dæmt íslenska hundinn í 13 ár og var mjög ánægður með hundana núna. Skapgerðin hefur einnig batnað en geltið í þeim er jafnmikið eigendunum að kenna og hundunum!“ Hann sagðist einnig telja að mikið gelt í shetland sheepdog mætti rekja til sameiginlegs forföður þar sem það hefði verið óvenju mikið.

„Gætið að hraðanum!“

Hann var spurður hvort hann hefði einhver góð ráð fyrir íslenska hundaræktendur eða sýnendur. Hann benti strax á að sýnendur þyrftu að velta vel fyrir sér hver væri rétti hraðinn fyrir þeirra hund á sýningu, margir sýnendur hefðu sýnt hundana of hratt. Ræktendur hér væru að standa sig vel við erfiðar aðstæður þar sem einstaklingar í litlum tegundum væru yfirleitt af miklum gæðum. Allir hefðu sýnt af sér íþróttamannslega hegðun, þakkað fyrir sig þrátt fyrir slæman dóm og fólk hefði óskað hvert öðru til hamingju. Þetta væri til algerrar fyrirmyndar. Tomas sagðist að lokum vilja þakka kærlega fyrir góðar móttökur.

Frábærir st. bernharðshundar

Janusz Opara frá Póllandi dæmdi st. bernharðshunda og sagðist aldrei hafa búist við þeim gæðum sem hann hefði séð í hundunum sem hann dæmdi á sýningunni. Hann hefði talið sig hafa séð bestu st. bernharðshunda í heimi áður en hann kom hingað til lands en nú teldi hann að þeir væru hér á Íslandi. Hann hefði verið yfir sig hrifinn af besta hundi tegundar og þegar hann hefði orðið besti hundur sýningar hefði hann tárast af gleði. Janusz dæmdi einnig boxer og var ánægður með þá tegund.

Hann var ekki einungis heillaður af st. bernharðshundunum. „Ég dæmdi border collie í Ástralíu í fyrra og var með meira en hundrað skráningar. Besti hundur tegundar í þeirri tegund í dag hefði auðveldlega getað orðið besti hundur tegundar í þeim stóra hópi.“

Af hundum í tegundahópi 10 var Janusz hrifnastur af whippet-hundunum sem hefðu verið í sérflokki. Hann var einnig mjög hrifinn af tibetan terrier-hvolpunum sem hann dæmdi og sagði besta hvolp hafa verið af réttri tegundargerð.

Welsh corgi og st. bernharðs framúrskarandi

Janusz dæmdi tegundahóp 2 og þar varð st. bernharðs-hundurinn hlutskarpastur, eins og áður sagði. Af hundunum í keppninni um besta hund sýningar sagðist hann einnig hafa verið sérstaklega hrifinn af welsh corgi pembroke-hundinum. „Ég fór til eigandans og bauð henni að nefna verð fyrir hann en auðvitað vildi hún ekki selja, enda var þetta allt í gamni gert,” sagði Janusz sem að lokum vildi þakka fyrir frábærar móttökur á Íslandi og ánægjulega upplifun á sýningunni. Hann hefði dæmt á hinum Norðurlöndunum síðustu 30 ár og núna hefði hann loksins komist til Íslands.

Tegundahópur 7- 1. sæti
Vorsteh, snögghærður
Bendishunda Jarl
Eigandi: Birgir Örn Arnarson
Ræktandi: Einar Páll Garðarsson

Tegundahópur 8- 1. sæti
Enskur springer spaniel
RW-14 ISShCh RW-13 Lokkur frá Götu
Eigandi/ræktandi: Edda Janette Sigurðsson

Tegundahópur 10- 1. sæti
Whippet
RW-14 Courtborne Rajesh
Eigandi: Selma Olsen
Ræktendur: Rita, Steinar & Kristin Hoff

Besti hvolpur sýningar laugardag 4-6 mánaða- 1. sæti
Íslenskur fjárhundur
Fagrahvamms Ásynja
Eigendur/ræktendur: Anna Jónsdóttir & Hrefna Björk Jónsdóttir

Besti hvolpur sýningar sunnudag 4-6 mánaða- 1. sæti
Whippet
Leifturs Skotta
Eigendur: Guðmunda Magnea Friðriksdóttir &
Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir
Ræktandi: Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir

Besti hvolpur sýningar laugardag 6-9 mánaða- 1. sæti
Dvergschnauzer, svartur
Svartwalds Lucky Star
Eigandi: Sigrún Valþórsdóttir
Ræktandi: María Björg Tamimi

Besti hvolpur sýningar sunnudag 6-9 mánaða- 1. sæti
Tíbet terrier
Karicema Adinah
Eigandi/ræktandi: Hugrún Diljá Þorgeirsdóttir

Besti ræktunarhópur sýningar laugardag- 1. sæti
St. bernharðs, síðh.
Sankti Ice-ræktun
Ræktandi: Guðný Vala Tryggvadóttir

Besti ræktunarhópur sýningar sunnudag- 1. sæti
Griffon bruxellois
Halastjörnu-ræktun
Ræktandi: Brynja Tomer

Besti afkvæmahópur sýningar laugardag- 1. sæti
Enskur cocker spaniel
RW-14 RW-13 C.I.E. ISShCh Bjarkeyjar Take A Chance On Me &
afkvæmi

Besti afkvæmahópur sýningar sunnudag- 1. sæti
Pug
RW-14 ISCh Just a Gigolo of Golden Pugs & afkvæmi

Stjórn HRFÍ fordæmir dýraníð í Kína og skorar á kínversk stjórnvöld að banna Yulin hundaátshátíð.

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
4. september 1969

Reykjavik, June 19th 2015

Subject: "Dog Meat Festival"

His Excellency
Zhang Weidong
Ambassador Extraordinary and Plenipotentiary of China to the Republic of Iceland
Bríetartúni 1
105 Reykjavík

Dear Mr Ambassador

The Board of the Icelandic Kennel Club appeals to the Government of the People's Republic of China to cancel the "Dog Meat Festival" planned on June 22th in Yulin.

As an organisation we have great respect for the Chinese people and Chinese civilization. We are saddened to learn that the Yulin "Dog Meat Festival" is still held in a modern civilized society; The People's Republic of China. We believe this barbaric event has no place in the 21st century. We adamantly voice our strong opposition to this "festival".

We do hope you will take a moment to hear our grave concerns about this horrific tradition, and that your government will ban this "festival". Your government would thereby save the lives of countless dogs that will otherwise fall victims to this event.

At this "festival" thousands of innocent dogs will be butchered, skinned alive and beaten to death. An event of this gender increases the risk of abduction of strays and pets, and will also raise the number of torturous, inhumane prisons at dog meat farms - which leaves a stain upon the image of your country.

Respectfully,

On behalf of the Board of the Icelandic Kennel Club,

Herdís Hallmarsdóttir

Herdís Hallmarsdóttir, chairman

Meistarastigssýning
Besti hundur sýningar – 1. sæti
Papillon
Multi Star's Arjen Robben
Eigandi: Víkingur Hauksson
Ræktandi: Linda Jónsdóttir

Norðurljósa winner
Besti hundur sýningar – 1. sæti
Tíbet spaniel
C.I.B. RW-14 ISCh RW-13 Tíbráar Tinda Pink Lotus
Eigandi/ræktandi: Auður Valgeirsdóttir

Meistarastigssýning og Norðurljósa Winner

Hundaræktarfélag Íslands stóð fyrir tveimur sýningum, meistarastigssýningu og Norðurljósa Winner-sýningu, 23.-25. maí og voru 582 hundar af yfir 80 tegundum skráðir á hvora þeirra. Yfir 20 ungmenni voru skráð í keppni ungra sýnenda en Þorbjörg Ásta Leifsdóttir dæmdi.

Dómarar að þessu sinni voru Herdís Hallmarsdóttir, Sóley Halla Möller, Sóley Ragna Ragnarsdóttir og Viktoría Jensdóttir frá Íslandi, Harto Stockmari frá Finnlandi, Liliane De Ridder Onghena frá Belgíu, Marit Sunde frá Noregi, Andrew Brace frá Bretlandi og Karen Gilliland frá Írlandi.

Höfundar:
Auður Sif Sigurgeirsdóttir og
Guðrún Margrét Baldursdóttir
Aðstoð:
Inga Björk Gunnarsdóttir
Ljósmyndir: Ólöf Gyða Risten
(nema annað sé tekið fram)

Liliane De Ridder Onghena frá Belgíu hefur dæmt hér áður og sagði starfsfólkið og hringstjórana mjög góða. Hún sá þó nokkrar framfarir í sumum tegundum sem voru af miklum gæðum að hennar mati. „Þar sem ég er frá Belgíu verð ég að nefna að sú, sem að ræktar griffon-hundana á Íslandi, hefur gert frábæra hluti fyrir tegundina!"

Tíbet spaniel besta tegundin

Tíbet spaniel var besta tegundin sem Liliane dæmdi. „Tíkin, sem varð besti hundur sýningar hjá mér, var ekki í fullum feld en hún hafði ekkert að fela! Feldur kemur og fer en tegundargerð er eitthvað sem hundur fæðist með. Hún var af svo frábærri tegundargerð að öllu leyti og svipurinn – ég sé hann enn fyrir mér!" Liliane nefndi einnig papillon-öldunginn sem hún valdi sem besta hund tegundar. „Þetta var mjög dæmigerður papillon og svo vel gerður að öllu leyti. Það er greinilegt að ræktendur hafa gert mikið fyrir tegundina á Íslandi."

Whippet ollu Liliane mestum vonbrigðum en þeir voru allt of stórir. „Það var bara einn engill sem ég var svo hrifin af, tíkin sem varð í 2. sæti um besta hund sýningar. Mjög dæmigerð og falleg tík." Langhunds-tíkin, sem varð í 3. sæti um besta hund sýningar, hreyfði sig mjög vel en gæti hugsanlega verið með betri brjóstkassa, að sögn Liliane. „Í 4. sæti varð nova scotia duck tolling retriever sem mér fannst mjög falleg. Báðir hundarnir, sem voru sýndir af þeirri tegund, voru mjög fallegir og gaman að sjá að þeir líkjast upprunalegu tegundargerðinni."

Meistarastigssýning

Besti hundur sýningar – 2. sæti
Welsh corgi pembroke
C.I.B. ISCh RW-14 ISW-13 RW-13 Ryslip Celtic Tiger at Craigycor
Eigandi: Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir
Ræktandi: Mrs. Caty Elizabeth Cartlidge

Besti hundur sýningar – 3. sæti
Dachshund, miniature, síðhærður
C.I.E. RW-14 ISShCh Luna Caprese Immagine Allo Speccio
Eigandi: Hallveig Karlsdóttir
Ræktandi: Lamarca Francesco

Besti hundur sýningar – 4. sæti
Silky terrier
NLW-15 RW-14
Dotty's Favorite Paradise Passion Nói
Eigandi: Elísabet Kristjánsdóttir
Ræktandi: Kristmundur Axel Kristmundsson

Norðurljósa Winner

Besti hundur sýningar – 2. sæti
Whippet
ISCh Tylko Ty (FCI) Planeta Wenus
Eigandi: Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir
Ræktandi: Justyna Szopa

Besti hundur sýningar – 3. sæti
Dachshund, miniature, síðhærður
C.I.E. RW-14 ISShCh Luna Caprese Immagine Allo Speccio
Eigandi: Hallveig Karlsdóttir
Ræktandi: Lamarca Francesco

Besti hundur sýningar – 4. sæti
Nova scotia duck tolling retriever
USCh Avatar's Best Kept Secret of Pikkinokka
Eigendur/ræktendur: Christine G Reedy & Stacy M Einck-Paul & Mathilde Niquidet

Meistarastigssýning

Tegundahópur 2- 1. sæti
Boxer
Bjarkeyjar Moment In Time
Eigandi: Rakel Ósk Þrastardóttir
Ræktandi: Inga Björk Gunnarsdóttir

Tegundahópur 8- 1. sæti
Ameríkur cocker spaniel
C.I.B. ISW-11 ISCh Eldhuga Catch Me High
Eigandi: Bryndís Pétursdóttir
Ræktandi: Bryndís Pétursd/Guðmundur Bjarnason

Besti hvolpur sýningar laugardag
6-9 mánaða- 1. sæti
Íslenskur fjárhundur
Fagrahvamms Ásynja
Eigandi/ræktandi: Anna Jónsdóttir

Tegundahópur 5- 1. sæti
Siberian husky
Miðnætur Dancing In My Dreams
Eigandi/ræktandi: Stefán Arnarson

Tegundahópur 10- 1. sæti
Whippet
ISCh Tylko Ty (FCI) Planeta Wenus
Eigandi: Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir
Ræktandi: Justyna Szopa

Besti hvolpur sýningar sunnudag
4-6 mánaða- 1. sæti
Franskur bulldog
Hrafna Wonderful Life For Totegnac
Eigandi/ræktandi: Brynhildur Guðmundsdóttir

Tegundahópur 7- 1. sæti
Vorsteh, strýhærður
Ice Artemis Líf
Eigandi: Ingvar Sigurðsson
Ræktandi: Lárus Eggertsson

Besti hvolpur sýningar laugardag 4-6 mánaða- 1. sæti
Schäfer, snögghærður
Gjósku Tófa Tignarlega
Eigandi/ræktandi: Arna Rúnarsdóttir

Besti hvolpur sýningar sunnudag
6-9 mánaða- 1. sæti
Ameríkur cocker spaniel
Eldhuga Have A Little Faith
Eigandi: Magnús Örn Guðmarsson
Ræktandi: Bryndís Pétursdóttir

Eldmóðurinn til staðar

Aðspurð um ráð sagði hún að í mörgum tegundum vissu Íslendingar greinilega hvað þeir væru að gera og eldmóðurinn væri greinilega til staðar. „Það er ekki alltaf auðvelt að fá það sem maður vill út úr ræktun en hvert skipti, þar sem maður gerir sitt besta, gefur manni eitthvað dýrmætt. Ræktun er líka hálfgert veðmál því maður veit aldrei hvernig hvolparnir koma út. Það eina sem við vitum er að þetta áhugamál er ansi dýrt og við verðum alltaf bara að bíða og sjá!“

Til skammar

Marit Sunde frá Noregi hefur dæmt hér áður en hún var mjög ánægð með sýninguna í heild. Hins vegar var hún ekki ánægð með þá staðreynd að ræktendur erlendis sendu hunda af lélegum gæðum til Íslands. „Mér finnst þetta til skammar, sérstaklega í ljósi þess hve dýrt það er fyrir ykkur að flytja inn hund. Ég dæmdi þó nokkrar tegundir í gær þar sem enginn hundur varð besti hundur tegundar. Ég vil ekki vera „góð“ við ykkur bara til að gera ykkur til hæfis.“ Þess má geta að Marit var ekki viðstödd úrslit sýningar á Norðurljósa Winner-sýningunni og viðtalið var tekið áður en hún dæmdi á þeirri sýningu.

Papillon-hundurinn stóð upp úr

Hundarnir í úrslitum meistarastigs-sýningarinnar voru mjög fallegir að hennar mati og stóð papillon-hundurinn upp úr. „Hann er bara 10 mánaða og þið getið verið stolt af þessum fallega hundi. Flestir hundarnir í úrslitum voru mjög fallegir og ég varð mjög sátt þegar franski bulldog-hvolpurinn var valinn besta ungviðið. Ég hefði sko ekkert á móti því að taka hann með mér heim! Margir hundanna sem ég dæmdi í dag urðu í verðlaunasætum í tegundahópum og ég var stolt af þeim.“ Þó að hún væri hrifin af ungviðinu í frönskum bulldog var hún ekki ánægð með heildargæði tegundarinnar en þeir eru að verða of þungir og stórir, að hennar mati, hugsanlega vegna mikilla vinsælda.

Unga fólkið áberandi

Andrew Brace frá Bretlandi hefur, líkt og Marit og Liliane, dæmt hér á landi áður. Hann var sérstaklega ánægður með allt unga fólkið á sýningunni og ráðlagði félaginu að halda vel utan um það. Hann sagði fólkið vingjarnlegt og áhugasamt. Því miður gat hann ekki verið til loka Norðurljósa Winner-sýningarinnar og viðtalið var tekið strax að loknum úrslitum á meistarastigssýningunni.

„Gæti unnið hvar sem er!“

Gæði tegundanna voru æði misjöfn að mati Andrew og voru sumar tegundir sterkari en aðrar. Hann nefndi sérstaklega papillon-hundinn sem hann valdi sem besta hund sýningar á meistarastigssýningunni. „Þessi hundur gæti unnið hvar sem er í heiminum. Skapgerðin og útgeislunin er ótrúleg! Einnig var ég mjög hrifinn af welsh corgi pembroke sem og langhundinum og silky terrier-hundinum sem hreyfðu sig svo vel. Ég var mjög ánægður með þá fjóra sem urðu í verðlaunasætum um besta hund sýningar.“

Aðrir hundar sem heilluðu Andrew voru papillon-hundar, sem hann sá í næsta hring, og chinese crested-tík sem hann dæmdi sjálfur. Skráning pug-hunda var góð en gæðin voru misjöfn að hans mati. Hann sagðist ekki hrifinn af labrador-hundum sem voru skráðir í vinnuhundaflokk. „Fólk verður að skilja að hundarnir þurfa ekki að líta svona út til þess að geta unnið vinnuna sína. Þessir hundar líktust ekki einu sinni tegundinni!“

Andrew langaði að koma þeim skilaboðum til skipuleggjenda að sniðugt væri að

Besti öldungur sýningar 1. sæti
Papillon
C.I.B. FINCh FRCh GIBCh MONCh WW-12 Connection I Know Nothing
Eigandi: Ásta María Guðbergsdóttir
Ræktandi: Vesa Toivanen

Ungir sýnendur, eldri flokkur- 1. sæti
Hafdís Jóna Þórarinsdóttir með enskan springer spaniel

Ungir sýnendur, yngri flokkur- 1. sæti
Erlen Inga Guðmundsdóttir með papillon

Norðurljósa Winner

Tegundahópur 1- 1. sæti
Border collie
ISCh BLCh GECh BLJCh SANMJCh CYJCh MOLJCh MACJCh
Happy Spirit Black Label Thecommander
Des Rives Du Lagon Bleu HIT
Eigandi: Birna S. Kristjónsdóttir
Ræktandi: M. Cagnac Antoine

Tegundahópur 5- 1. sæti
Íslenskur fjárhundur
Stefsstells Kolmars Krómi
Eigandi/ræktandi: Stefanía Sigurðardóttir

Besti hvolpur sýningar laugardag
6-9 mánaða- 1. sæti
Ameríkur cocker spaniel
Eldhuga Have A Little Faith
Eigandi: Magnús Örn Guðmarsson
Ræktandi: Bryndís Pétursdóttir

Tegundahópur 2- 1. sæti
Dobermann
Embla Altobello
Eigandi: Ómar Unnarsson
Ræktandi: Malbasa Dejan

Tegundahópur 7- 1. sæti
Írskur setter
Gwendariff Choc Nut Chip
Eigandi: Hreiðar Karlsson
Ræktandi: Miss D. Stewart-Ritchie

Besti hvolpur sýningar sunnudag
4-6 mánaða- 1. sæti
Cairn terrier
Katla
Eigandi/ræktandi: Ólöf Erna Arnardóttir

Tegundahópur 3- 1. sæti
Border terrier
Stekkjardals Emil í Kattholti
Eigandi/ræktandi: Erla Heiðrún
Benediktsdóttir

Besti hvolpur sýningar laugardag
4-6 mánaða- 1. sæti
Enskur cocker spaniel
Hólabergs Orange Glói
Eigandi/ræktandi: Elsa Hlín Magnúsdóttir
Ljósmynd: Auður Brynja Proppé-Bailey

Besti hvolpur sýningar sunnudag
6-9 mánaða- 1. sæti
Íslenskur fjárhundur
Fagrahvamms Ásynja
Eigandi/ræktandi: Anna Jónsdóttir

eyða meiri tíma í ljósmyndatökur, sérstaklega í ljósi þess að myndirnar dreifast út um allan heim og verða þar af leiðandi að vera nógu góðar til að vekja athygli fólks. „Haldið svo áfram að rækta jafnfallega hunda og papillon-hundinn og verið óhrædd við að senda þá út til að sigra heiminn!“

Schnauzer sterk tegund

Karen Gilliland frá Írlandi fannst sýningarnar notalegar og fólkið vingjarnlegt. „Þetta var ein af bestu sýningum sem ég hef dæmt á, gestrisnin var frábær og ég sá marga fallega hunda.“

Hún dæmdi schnauzer og sagði tegundina sterka í heild. Einnig var hún sátt með dobermann-tíkina sem hún dæmdi sem og st. bernharðshundana og sagðist hafa dæmt nokkra fallega miniature pincher.

Tvær tegundargerðir

Fjölmennasta tegundin sem Karen dæmdi var siberian husky. „Það voru tvær tegundargerðir eins og gengur og gerist, ameríska týpan og vinnutýpan. Besti hundur tegundar var tík úr opnum flokki sem var í mjög góðu jafnvægi. Mér fannst gæðin almennt mjög góð og sérstaklega meðal þeirra ungu.“

Australian shepherd er tegund sem Karen á sjálf og voru þeir misjafnir að gæðum eins og alls staðar í heiminum. „Það var sama uppi á teningnum þar, tvær tegundargerðir en allir voru mjög heilbrigðir. Besti hundur tegundar var tík sem varð í 2. sæti í tegundahópnum en mér fannst tegundin almennt nokkuð góð.“

Karen dæmdi úrslit um besta ungviði mánudags en þar var fallegur papillon sem bar sigur úr býtum, í 2. sæti var franskur bulldog sem hún var mjög hrifin af og boxer náði líka að heilla hana. Einnig nefndi hún lofandi bernese mountain dog-hvolp sem hún var ánægð með og sagði að gott væri að byrja ræktun á tegundinni með hund af slíkum gæðum.

Yngsti dómarinn

Sóley Ragna Ragnarsdóttir, yngsti íslenski dómarinn, dæmdi cavalier king charles spaniel og var mjög ánægð með gæðin yfir heildina. „Þetta voru vel byggðir hundar almennt. Helstu vandamálin, sem ég varð vör við, voru of látlausir hausar. Ég hefði viljað sjá fylltari trýni og meiri fyllingu undir augum til að skapa þennan mjúka cavalier-svip sem við þekkjum. Hundarnir hreyfðu sig almennt vel en sumir skeiðuðu þó. Feldur var almennt góður. Eins fannst mér mjög góður andi meðal sýnenda og heiður fyrir mig að fá að dæma svona fallega hunda.“

Sóley var mjög hrifin af tíkinni sem varð besti hundur tegundar. Hún var með réttar útlínur, fallegt andlit, mjúkan svip, stór og dökk augu og rétt staðsett eyru sem mynduðu saman hið fallega höfuð. Einnig fannst henni tíkin hreyfa sig mjög vel og liturinn var góður. „Besti rakki tegundar var einnig mjög fallegur, í góðu jafnvægi og ekki of grófur. Hann var með fallegar hreyfingar og andlit sem hefði þó mátt vera örlítið fylltara. Einnig fannst mér hann vanta meiri hvítan lit til að brjóta upp heillitinn.“

Hátíðarbragur

Hún var mjög ánægð með sýningarnar í heild og sagði ákveðinn hátíðarbrag yfir henni. „Nýju teppin komu vel út, andrúmsloftið var frábært og mér finnst þetta besta sýning sem við höfum haldið í langan tíma. Margir fallegir hundar voru í úrslitum, starfsfólk í hring var mjög gott. Mér fannst þetta allt ganga mjög vel og er ánægð með útkomuna.“

Besti hvolpur sýningar mánudag
4-6 mánaða- 1. sæti
Papillon
Hálsakots Just Dream About Luck
Eigandi/ræktandi: Ásta María Guðbergsdóttir

Besti hvolpur sýningar mánudag
6-9 mánaða- 1. sæti
St. Bernharðshundur snöggh.
Sankti-Ice Just A Joy
Eigandi/ræktandi: Guðný Vala Tryggvadóttir

Besti öldungur sýningar 1. sæti
Border terrier
DKUCh J NOUCh NORDUCh SEUCh Sub Terram Mr Muscle
Eigandi: Jónína Sif Eyþórsdóttir
Ræktandi: Ulrika Berge

Hin rétta skapgerð

Herdís Hallmarsdóttir dæmdi labrador retriever sem var ansi fjölmenn tegund á sýningunni og var hún mjög ánægð með besta hund tegundar og besta hund af gagnstæðu kyni. „Ég var virkilega ánægð með tíkina sem vann hjá mér, virkilega falleg, hreyfði sig ofboðslega vel og vel sýnd. Það var gaman að sjá skapgerðina, hún var yfirveguð og róleg en alltaf glöð og tilbúin til að vinna. Mér finnst alltaf gaman að sjá þessa réttu skapgerð í labbanum.“ Herdís átti erfitt með að gera upp á milli tíkarinnar og rakkans en var mjög ánægð með valið.

Góður andi

Henni fannst mjög gaman að dæma tegundina á Íslandi. „Þetta er skemmtilegur hópur sem þarna er á ferðinni og andrúmsloftið er gott meðal eigenda. Það er greinilega góður andi í hópnum.“ Það sem helst vantaði upp á hjá tegundinni var vinkill á framhandlegg hundanna. „Það vantar almennt betri brjóstkassa og framhluta á labradorana og er þetta eitthvað sem ræktendur ættu að leitast við að laga í ræktun.“

Annað stílbragð

Herdís var almennt mjög ánægð með tvöföldu sýninguna og sagði hana hátíðlega og útlitið mjög aðlaðandi. „Græna teppið sem er komið yfir allt saman setur allt annað stílbragð á sýningarsvæðið. Ég óska sýningarstjórn til hamingju með þetta. Hringirnir voru rúmgóðir og andrúmsloftið almennt gott og rólegt á sýningunni.“

Tegundahópur 9 sterkur

Harto Stockmari frá Finnlandi hafði ekki dæmt áður á Íslandi. Hann dæmdi hunda úr tegundahópi 9 á mánudeginum og sagðist hafa verið mjög ánægður með gæðin í papillon og tíbet spaniel. Gæði annarra tegunda almennt hefðu ekki verið betri eða verri en gengur og gerist á sýningum í öðrum löndum svo að ekkert hefði sérstaklega komið á óvart. Harto dæmdi tegundahóp 9, sem hann sagði alltaf vera erfitt, þar sem yfirleitt væru margir góðir hundar í hópnum og erfitt væri að velja fjóra bestu hundana. Hann valdi sjö hunda úr hópnum fyrst í stað en hefði gjarnan viljað setja alla í verðlaunasæti. „Hundarnir í fyrstu tveimur sætunum voru báðir af réttri tegundargerð og ég þekki þessar tegundir vel”, sagði Harto einnig en í fyrsta sæti var tíbet spaniel og í öðru sæti shih tzu.

Harto var mjög ánægður með hundana í keppninni um besta hund sýningar og sagðist að sjálfsögðu hafa verið mjög ánægður með tíbet spaniel-tíkina sem besta hund sýningar, þar sem hún hefði unnið tegundahópinn hjá honum. Aðrir hundar í keppninni hefðu verið verðugir fulltrúar sinna tegunda og hann sagðist telja að erfitt hefði verið að velja úr.

Harto sagðist sem „allrounder”-dómari hugsa mikið um heildarsvip hundanna, byggingu, hreyfingar og skap. Þetta væri allt mikilvægt fyrir hundinn til þess að hann gæti lifað góðu lífi og hann sagðist vilja að ræktendur legðu áherslu á alla þessa þætti í sinni ræktun.

Metnaðarfullir ræktendur

Viktoría Jensdóttir dæmdi enskan cocker spaniel og golden retriever á Norðurljósa Winner-sýningunni og var almennt mjög ánægð með gæðin. „Mér fannst mjög gaman að fá tækifæri til að dæma á sýningunni, sýnendur voru kurteisir og hundarnir almennt vel þjálfaðir og prúðir.“

Hún var ánægð að sjá hve metnaðarfullir ræktendur ensks cocker spaniel væru og greinilegt að tegundin væri að verða fjölmennari hér á Íslandi. „Besta tík og besti rakki tegundar voru mjög fallegir einstaklingar með góðar hreyfingar, dæmigerðar útlínur fyrir enskan cocker, af góðri stærð, samsvöruðu sér vel og með frábæran feld.“ Golden retriever-hundarnir voru almennt mjög vel þjálfaðir og í góðu líkamlegu ástandi að mati Viktoríu og sagði hún besta hund tegundar í mjög góðu ástandi og með fallegar hreyfingar.

Íslensku fjárhundarnir spennandi

Sóley Halla Möller dæmdi íslenskan fjárhund, pomeranian, shetland sheepdog og australian shepherd. „Mér fannst íslensku fjárhundarnir spennandi, sérstaklega hvolparnir og hlakka til að sjá hvernig þeir þroskast í framtíðinni.“ Hún sagði að eftir að hún fékk dómararéttindi á íslenskan fjárhund væri hann orðinn sérstakt áhugamál hjá sér enda yndisleg tegund. „Fyrir mér voru besti rakki og besta tík dæmigerðir íslenskir fjárhundar að öllu leyti, þau höfðu bæði þetta „gamla“ útlit sem mér finnst svo fallegt.“ Sóley var nokkuð hrifin af pomeranian og sagði besta hvolp tegundar eiga bjarta framtíð í sýningarhringnum. Besti hundur tegundar var tík sem sýndi sig frábærlega og var með þetta „gamla“ útlit rétt eins og íslensku fjárhundarnir.

Besti hvolpur tegundar í shetland sheepdog náði að heilla Sóleyju og sagðist hún hlakka til að fylgjast með henni í framtíðinni. „Hún var mjög lofandi, af réttri stærð, með tíkarlegt höfuð, rétta eyrna- og skottstöðu og með dæmigerðar hreyfingar.“ Um australian shepherd sagði Sóley að greinilegur kynjamunur hefði verið á besta rakka og bestu tík sem væri mjög jákvætt. „Þetta voru fallegir hundar með bjarta framtíð. Þau voru með gott geðslag, fallegan feld, vel byggð og með góðar hreyfingar.“

Ungir sýnendur

Þorbjörg Ásta Leifsdóttir dæmdi keppni ungra sýnenda en Þorbjörg á að baki glæsilegan feril sem ungur sýnandi. Hún var meðal annars fulltrúi Íslands í alþjóðlegri keppni ungra sýnenda á Crufts og var einnig í landsliði Íslands í

Norðurlandakeppni ungra sýnenda.

Yngri flokkur ungra sýnenda stóð sig almennt mjög vel og var greinilegt að þarna voru áhugasamir krakkar á ferð. „Sigurvegarinn í yngri flokki stóð upp úr að því leyti að hún var mjög einbeitt og sýndi hundinn vel. Hún var mjög heillandi sem sýnandi og stóð sig líka mjög vel með hundinn sem hún fékk í skiptum," sagði Þorbjörg.

Þorbjörgu fannst skemmtilegt að sjá að keppendurnir í eldri flokki voru alvöru sýnendur að hennar mati sem voru mættir til að sýna hunda en ekki sjálfa sig, eins og stundum vill verða í eldri flokki ungra sýnenda alls staðar í heiminum. Það sem vó þyngst hjá henni var hæfileikinn til að ná sambandi við þá hunda sem keppendur fengu í skiptum og einnig þekking þeirra á þeim tegundum sem þeir þurftu að sýna óundirbúið. „Stúlkunni, sem vann eldri flokk, tókst þetta einstaklega vel sem sýnir að mínu mati hve hæfileikarík hún er. Mér fannst gaman að sjá keppendur hrósa hundunum sínum og spjalla við þá inni í hringnum." Almenn þekking sýnenda á tegundunum, sem þeir sýndu, var mjög góð að sögn Þorbjargar. „Ég spurði keppendur ýmissa spurninga um tegundirnar sem þeir gátu almennt svarað. Þó tóku ekki allir eftir því þegar ég færði fæturna á hundunum til eða ruglaði feldinum á þeim. Ég gerði það til að athuga hversu eftirtektarsöm þau voru en þetta gera dómarar oft ómeðvitað inni í hring." Að lokum sagðist Þorbjörg mæla með því að sýnendur reyndu að þjálfa sem flesta hunda af sem flestum tegundum því þannig væri best að fá sem mesta reynslu og þekkingu.

Nánari úrslit má finna á heimasíðu HRFÍ, www.hrfi.is

Frá Hundaræktarfélagi Íslands

www.hrfi.is – hrfi@hrfi.is

Opnunartími skrifstofu er sem hér segir: Mánudag til föstudag frá kl.10.00-15.00

Áður en hundur er augnskoðaður, mjaðma- og/eða olnbogamyndaður skal hann örmerktur. Auk þess skulu hundar, sem taka þátt í viðburðum á vegum félagsins, t.d. sýningum, veiði, hlýðni og sporaprófum svo og skapgerðarmati, einnig vera örmerktir. Þetta ákvæði gildir fyrir alla hunda, óháð fæðingardegi. Sé þessi regla ekki uppfyllt hefur hundurinn ekki rétt til þátttöku.

Mjaðma- og/eða olnbogamyndir er núna hægt að senda til aflestrar til SKK (sænska hundaræktarfélagsins). SKK lofar niðurstöðu innan við 10 daga frá því að myndir berast þeim. Dýralæknar sjá um að senda myndirnar til SKK en greitt er fyrir aflesturinn á skrifstofu HRFÍ. Sjá nánari upplýsingar á vefsíðu félagsins, www.hrfi.is.

Að gefnu tilefni telur stjórn HRFÍ áríðandi að ítreka það að ræktendur noti ekki til undaneldis þá hunda sem uppfylla ekki þau heilsufarspróf (t.d. augnskoðun, mjaðmamyndun og /eða olnbogamyndun) sem gilda fyrir tegundina.

Þeir sem hafa áhuga á að starfa að sýningum félagsins eru beðnir að setja sig í samband við skrifstofu. Alltaf er þörf á góðu fólki sem tilbúið er að leggja hönd á plóg við uppbyggingu á starfsemi félagsins.

Boðið er upp á sýningarþjálfun í umsjón ræktunardeilda og Ungmennadeildar fyrir sýningar Hundaræktarfélagsins. Nánar auglýst á vefsíðunni.

Til að tryggja að innfluttir hundar komist á sýningu þurfa gögn þess efnis, þ.e. frumrit ættbókarskírteinis, staðfesting á eiganda hunds og staðfesting á veru hundsins í einangrunarstöð, að hafa borist skrifstofu tveimur vikum fyrir síðasta skráningardag. Sama gildir um skráningu gota.

Augnskoðun hunda með ættbók frá HRFÍ er fyrir virka félagsmenn. Hundaeigendur, sem ekki eru félagsmenn í HRFÍ en með hunda í ættbók HRFÍ, geta skráð sig í augnskoðun gegn hærra gjaldi. Hundar virkra félagsmanna ganga fyrir í augnskoðun. Vegna smithættu hvolpa er eigendum nýgotinna tíka vinsamlegast bent á að koma ekki með þær í augnskoðun. Augnskoðun hunda er ekki endurgreidd nema viðkomandi boði forföll tímanlega

Vinsamlegast tilkynnið til skrifstofu félagsins breytingar á heimilisfangi, símanúmeri, póst-og netfangi, einnig ef ættbókarfærður hundur í ykkar eigu deyr.

Á döfinni

Alþjóðleg sýning HRFÍ- Crufts qualification 19.-20. september 2015.
Síðasti skráningardagur er 7. ágúst á fyrsta skráningarfresti (Gjaldskrá 1)
Síðasti skráningardagur er 21. ágúst á seinni skráningafresti (Gjaldskrá 2)
Dómarar: Christine Rossier-Feuz (Sviss), Michael Leonard (Írlandi) og fleiri.

Hundaskóli HRFÍ býður upp á fjölbreytt námskeið fyrir hundaeigendur. Hundanámskeið eru í fullum gangi og eru opin öllum hundum. Skráning og upplýsingar eru á vefsíðu HRFÍ.

Vinnupróf og æfingar á vegum Vinnuhundadeildar eru auglýst á vefsíðu deildarinnar.

Veiðipróf fyrir retriever- og standandi fuglahunda eru auglýst á vefsíðum deildanna.

Augnskoðun verður næst helgina 19.-20. september í tengslum við hundasýninguna, staðsetning auglýst síðar. Tímapantanir fara fram á skrifstofu. Gefa skal upp ættbókarnúmer hunds og ganga frá greiðslu um leið og hundur er skráður.

Nýir meistarar

Íslenskir meistarar (ISCh)

Íslenskur fjárhundur
ISCh Arnarstaða Askur
Eigandi: Þröstur Ólafsson
Ræktandi: Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Chihuahua (síðhærður)
ISCh Eyðimerkur Bon Jovi
Eigandi: Rósa Traustadóttir
Ræktandi: Ólöf Karen Sveinsdóttir

Íslenskur fjárhundur
ISCh Snætinda Sómi
Eigendur/ræktendur: Sunna Líf Hafþórsdóttir / Hafþór Snæbjörnsson/Unnur Sveinsdóttir

Íslenskur fjárhundur
ISCh Dranga Aska Bergrós
Eigendur: Hrefna Sigfúsdóttir/Ágúst Ágústsson/Sóley Ragna Ragnarsdóttir
Ræktandi: Hrefna Sigfúsdóttir

Labrador retriever
ISCh Mánasteins Birta
Eigandi: Guðrún Rakel Svandísardóttir
Ræktandi: Svandís Magnúsdóttir

Íslenskur fjárhundur
ISCh Snætinda Vaka
Eigendur/ræktendur: Sunna Líf Hafþórsdóttir / Hafþór Snæbjörnsson/Unnur Sveinsdóttir

Cavalier king charles spaniel
ISCh Drauma Bono
Eigandi/ræktandi: Ingibjörg Erna Halldórsdóttir

Bichon frisé
ISCh Snædís
Eigandi: Stefanía Fanndís Björgvinsdóttir
Ræktandi: Svanhvít J. Jónsdóttir

Boston terrier
ISCh Wildax Claymurf Charlie
Eigendur: Aldís Gyða Davíðsdóttir & María Guðfinna Davíðsdóttir
Ræktandi: J Barclay-Murphy

Alþjóðlegir meistarar (C.I.B.)

Chihuahua (síðhærður)
C.I.B WVW-14 DKVW-14 NORDVW-14 NVW-14 EE VCH NORD & FI & DK & IS & EE & LV CH Himna Eldur
Eigandi: Anna Guðjónsdóttir
Ræktandi: Sigurbjörg Vignisdóttir

Chihuahua (síðhærður)
C.I.B. ISCh Perlu-Hvamma Glói
Eigandi: Rósa Traustadóttir
Ræktandi: Petrína Konráðsdóttir

Chihuahua (síðhærður)
C.I.B. ISCh Rosalago MM´s Xavier
Eigandi: Kolbrún Edda Aradóttir
Ræktendur: Ulla Lehtinen & Sanna Kahelin

Border collie
C.I.B. ISCh Happy Spirit Black Label The Commandeur des Rives du Lagon Bleu
Eigendur: Birna S. Kristjónsdóttir & Kristinn Hákonarson
Ræktandi: M. Cagnac Antoine

Shetland sheepdog
C.I.B. ISCh Robba Dan Isadora
Eigandi: Guðmunda Haraldsdóttir
Ræktandi: Róbert Daníel Jónsson

Boxer
C.I.B. Walkon Icelandic Issue
Eigendur: Þröstur Ólafsson & Agnar Hörður Hinriksson
Ræktandi: Mrs Y C Miller

Íslenskur sýningameistari (ISShCh)

Petit basset griffon vendén
ISShCh Red Hot Chili van Tum-Tum's Vriendjes
Eigandi: Karen Ösp Guðbjartsdóttir
Ræktandi: G.M. Huikeshoven

Íslenskur hlýðnimeistari (OB-1)

Labrador retriever
OB 1 Bjargasteins Camilla
Eigandi: Sigfús Hreiðarsson
Ræktandi: Mikkalína Finnbjörnsdóttir

Amerísk cocker spaniel-deild

BOB á febrúarsýningu HRFÍ, Feixenets Ironman ásamt sýnanda sínum Tönju Hlynsdóttur.

Ársfundur deildarinnar var haldinn 25. mars s.l. Góð mæting var á fundinn sem haldinn var í húsnæði HRFÍ, Síðumúla. Á fundinum var kosið í nýja stjórn ásamt því að veita viðukenningarskjöl til meðlima deildarinnar fyrir afrakstur sinn á liðnu stjórnarári. Í stjórn sitja þær Ingibjörg Svana Runólfsdóttir formaður, Ingibjörg Valsdóttir gjaldkeri, Ágústa Pétursdóttir ritari, Bryndís Pétursdóttir og Margrét Björk Kjartansdóttir.

Alþjóðleg sýning HRFÍ 28. febrúar – 1. mars

Besti hundur tegundar og 3. besti hundur í tegundahópi 8 var rakkinn, Freixenets Ironman.

Besti hvolpur tegundar var tíkin, Eldhuga Have A Little Faith.

Dómari að þessu sinni var Vincent O'Brian frá Írlandi.

Dagur Unglingadeildarinnar

Dagur Unglingadeildarinnar var haldinn 12. apríl s.l en þar fengu sýnendur að spreyta sig og voru dæmdir fyrir hæfni sína til þess að sýna hund. Þrír aðilar tóku þátt að þessu sinni með ameríska cocker spaniel; Rannveig (3 ára) og Alex (4 ára) sýndu hundana sýna Þjóf (Eldhuga Stand By Me) og Gyðu Sól (Eldhuga Dirty Secret) í barnaflokki og stóðu sig með prýði. Ekki var raðað í sæti í þeim flokki heldur fengu öll börnin verðlaun fyrir þátttöku sína. Tanja sýndi svo rakkann Aron (Feixenets Ironman) í flokki sýnenda 18 ára og eldri en samkeppnin í þeim flokki var hörð og náðu Tanja og Aron 3. sæti.

Starf deildarinnar

Göngur deildarinnar hafa verið vel sóttar og höfum við hist að meðaltali einu sinni í mánuði en þær hafa verið auglýstar á Facebook-síðu deildarinnar. Stefnan er tekin á að hafa sumarhátíð fyrir deildina í sumar og verður sá viðburður auglýstur þegar nær dregur.

Stjórn deildarinnar hvetur áhugamenn tegundarinnar að fylgjast með á vef deildarinnar: amcockerdeild.weebly.com en þar má einnig finna tengil á Facebook-síðu deildarinnar.

Fyrir hönd Amerísk cocker spaniel-deildar,
Ágústa Pétursdóttir ritari.

Boxerdeild

Besti hundur tegundar á febrúarsýningunni, Robinsteck Al Pacino.

Ársfundur deildarinnar var haldinn þann 28. maí 2014 kl. 19.00 á skrifstofu HRFÍ.

Ný stjórn Boxerdeildar eru skipuð á þennan hátt:

Rakel Ósk Þrastardóttir, formaður
Erna Hrefna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Þröstur Ólafsson, ritari
Varastjórn:
Oksana Shalabai
Bylgja Björk Haraldsdóttir

Got

Hagalíns-ræktun var með got fætt 16. desember 2014 undan Son Of a Gun at Berwynfa og ISShCh Hagalíns DJ' Destiny.
Bjarkeyjar-ræktun var með got fætt 19. apríl 2015 undan C.I.B. ISShCh Walkon Icelandic Issue og C.I.B. ISShCh Bjarkeyjar Meant To Be.

Meistarar

C.I.B. ISShCh Walkon Icelandic Issue fékk staðfestan alþjóðlegan meistaratitil.

Alþjóðleg sýning HRFÍ 28. febrúar 2015

BOB: Robinsteck Al Pacino, eigendur hans eru Erna Hrefna Sveinsdóttir og Rakel Ósk Þrastardóttir. Ræktandi er Mrs. Alice Robinson.

BOS: Hagalíns Kickin' Up Dust, eigandi hennar og ræktandi er Unnur Huld Hagalín.

Hvolpar 6-9 mánaða tíkur:
1. Hagalíns One Reason með HP
2. Hagalíns One Love með HP
3. Hagalíns Never Ending Story með HP

Rakkar:
1. Robinsteck Al Pacino með íslenskt meistarastig og CACIB
2. ISShCh Bjarkeyjar Ísar með meistaraefni og vara-CACIB
3. Bjarkeyjar Ívan Valur með meistaraefni

Tíkur:
1. Hagalíns Kickin' Up Dust með íslenskt meistarastig og CACIB
2. ISShCh Bjarkeyjar Ísadóra með meistaraefni og vara – CACIB
3. Bjarkeyjar Moment In Time með meistaraefni
4. Hagalíns Master Of Puppets með meistaraefni

Robinsteck Al Pacino varð í 4. sæti í tegundahópi 2. Hagalíns One Reason varð í 2. sæti um besta hvolp sýningar 6-9 mánaða. Bjarkeyjar-ræktunarhópur fékk heiðursverðlaun.

Fyrir hönd stjórnar,
Inga Björk Gunnarsdóttir.

Cavalierdeild

Dómarinn Hassi Assenmacker-Feyer með Ingibjörgu E. Halldórsdóttur og Maríu Tómasdóttur ásamt þeim Drauma Bono sem var BOB og Ljúflings Hetju sem var BOS.

Á sýningu HRFÍ sem haldin var 28. febrúar-1. mars var 21 cavalier skráður og þar af voru 9 hvolpar. Dómari fyrir cavalier var Hassi Assenmacker-Feyel frá Þýskalandi.

Úrslit voru eftirfarandi:

BOB var Drauma Bono sem fékk sitt þriðja meistarastig og þriðja cacib og því íslenskur meistaratitill í höfn. BOS var Ljúflings Hetja sem fékk fjórða cacib-stigið og fær því alþjóðlegan meistaratitil eftir samþykki FCI. Eigandi og ræktandi Drauma Bono er Ingibjörg E. Halldórsdóttir og eigandi og ræktandi Ljúflings Hetju er María Tómasdóttir. Meistarastigið hjá tíkunum kom í hlut Ljúflings Iðu og er það fyrsta stigið hennar. Besti hvolpur tegundar 4-6 mánaða var Sandasels Dyngja. Eigandi Sandasels Dyngju er Halldóra Konráðsdóttir og ræktandi Kolbrún Þórlindsdóttir. Besti hvolpur tegundar 6-9 mánaða var Skutuls Aþena og bestur af gagnstæðu kyni var Eldlukku Fáfnir. Eigandi Skutuls Aþenu er Valka Jónsdóttir en ræktandi er Bjarney Sigurðardóttir. Eigandi Eldlukku Fáfnis er Guðrún Skúladóttir en ræktandi er Svanborg S. Magnúsdóttir.

Cavalierar komust ekki í úrslit sýningar að þessu sinni. Nánari sýningarúrslit er að finna á heimasíðu deildarinnar www.cavalier.is

Í ár fögnum við 20 ára afmæli deildarinnar en hún var stofnuð 14. maí 1995 í Sólheimakoti. Að því tilefni verður vegleg afmælissýning þann 13. júní n.k. Þetta verður meistarastigssýning og höfum við fengið mjög þekktan og virtan cavalierræktanda og dómara Mrs. Veronicu Hull frá Englandi til að dæma hundana. Veronica hefur ræktað alla liti í cavalier undir ræktunarnafninu Telvara í um 40 ár og dæmt tegundina um allan heim s.l. 35 ár.

Starfsemi deildarinnar hefur verið á sömu nótum og undanfarin ár. Árið 2013 var mikill samdráttur í ræktuninni en síðastliðið ár var nokkur aukning miðað við árið 2013 þó að ræktunin hafi ekki náð þeim hæðum sem hún var í 2007 þegar yfir 150 hvolpar voru ættbókarfærðir. Alls voru 25 got á árinu og 98 hvolpar en árið á undan voru gotin 23 og 84 lifandi fæddir hvolpar. Meðaltal í goti var 3,92 hvolpar. 18 ræktendur voru með got á árinu, þar af 4 nýir ræktendur og bjóðum við þá velkomna í ræktendahópinn. Tíkurnar voru í meirihluta þetta árið en alls fæddust 58 tíkur og 40 rakkar. Mest fæddist af blenheim hvolpum. Á árinu voru 14 rakkar notaðir til undaneldis.

Göngunefnd deildarinnar hefur staðið fyrir 12 göngum á árinu 2014 og hefur mæting yfirleitt verið mjög góð eða frá 20 upp í 40 hunda þátttöku með álíka fjölda af tvífætlingum. Veður spilar alltaf stóran þátt í þessum göngum en við vorum einstaklega heppin á síðasta ári með það. Færum við göngunefndinni bestu þakkir fyrir þeirra frábæra framlag til deildarinnar.

Á árinu 2014 voru 5 sýningar á vegum HRFÍ, auk 2 sýninga sem voru eingöngu fyrir hvolpa. Algjört hrun hefur verið hjá deildinni í þátttöku í sýningum HRFÍ og er það mikill skaði en að meðaltali hafa verið sýndir 26 hundar á hverri sýningu.

Skýrslu stjórnar er að finna í heild sinni á www.cavalier.is

F.h. stjórnar,
Guðrún Birna Jörgensen.

Chihuahuadeild

Chihuahuadeildin fagnaði 10 ára afmæli sínu með veglegri deildarsýningu þann 18. apríl en 61 hundur var skráður á sýninguna. Síðan var haldin afmælisganga þann 17. maí sl. í Sólheimakoti sem var vel sótt og kaffi og hlaðborð á eftir. Margt er á döfinni hjá deildinni og um að gera að fylgjast með á Facebook-síðunni Chihuahuadeild Hrfí og á heimasíðunni www.chihuahuahrfi.is

Úrslit frá sýningu HRFÍ frá 28. febrúar-1. mars 2015

Dómari: Vincent O'Brien

Snögghærðir chihuahua

Besti hundur tegundar 1/BOB:
ISCh RW-13 RW-14 Himna Huginn CACIB
Besti hundur tegundar 2/BOS:
RW-13 ISCh Vindsvala Kreppa CACIB
Besti hvolpur tegundar 4-6 mánaða 1:
Sörlaskjóls Loverboy Styles Harry HV
Besti hvolpur tegundar 6-9 mánaða 1:
Larger than life Reach For The Sky HV
Besti hvolpur tegundar 6-9 mánaða 2:
Himna Hlín HV
Besti öldungur tegundar 1:
ISCh Anganóra Baldintáta
Besti ræktunarhópur tegundar:
Himnaræktun HV

Síðhærðir chihuahua

Besti hundur tegundar 1/BOB:
ISCh Vindsvala Gróði CACIB
Besti hundur tegundar 2/BOS:
ISCh Hrímnis Halló Kisa CACIB
Besti hvolpur tegundar 4-6 mánaða 1:
Valhnotu Bárður HV
Besti hvolpur tegundar 6-9 mánaða 1:
Himna Kveikja HV
Besti hvolpur tegundar 6-9 mánaða 2:
Himna Kveikur HV
Besti öldungur tegundar 1:
C.I.B. ISCh Perlu-Hvamma Glói
Besti – ldungur tegundar 2:
Vindsvala Freyja
Besti ræktunarhópur tegundar:
Himnaræktun HV

Úrslit frá 10 ára afmælissýningu Chihuahuadeildar 18. apríl 2015
Dómari: Samuel Carlid

Bestu hundar sýningar:
BIS 1: ISCh Vindsvala Gróði
BIS 2: Himna Glóð – meistarastig
BIS 3: RW-14 C.I.B. ISCh Himna Lotta Skotta
BIS 4: Himna Jafar – meistarastig

Bestu öldungar sýningar:
BIS 1: C.I.B. ISCh Himna Sól
BIS 2: C.I.B. ISCh Perlu-Hvamma Glói
BIS 3: ISCh Perluskins Cairo Paolo

BIS Junior Winner:
BIS 1: Emil í Kattholti
BIS 2: Hrímnis Kalda Sunna
Bestu hvolpar 3-6 mánaða
BIS 1: Himna Grýla
BIS 2: Himna Leppalúði

Bestu hvolpar 6-9 mánaða
BIS 1: Himna Keikja
BIS 2: Himna Hlín

Besti afkvæmahópur:
BIS 1: Afkvæmahópur Hrímnis

Bestu ræktunarhópar:
BIS 1: Ræktunarhópur Himna-ræktun – síðhærðir
BIS 2: Ræktunarhópur Hrímnis-ræktun – síðhærðir

Tvífarakeppni:
BIS 1: Valhnotu-systur
BIS 2: Himna-systkini
BIS 3: Hrímnis-par
BIS 4: Feðgarnir Glói og Mikki

Kær kveðja,
stjórnin.

D.Í.F.

ISCh Snætinda Vaka var valin 4. besti hundur sýningar á febrúarsýningu HRFÍ

Tvöföld sýning 23.-25. maí 2015 – Meistarastigssýning og Norðurljósasýning
Meistarastigssýning
Dómari: Sóley Halla Möller
Besti hundur tegundar (BOB) og 4. sæti í tegundahópi 5 (BIG 4):
RW-14 ISCh Arnarstaða Nagli
Besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni (BOS):
RW-13 C.I.B. ISCh Arnarstaða Romsa
Besti öldungur tegundar (BÖT) og besti öldungur sýningar 4. sæti:
RW-13 C.I.B. ISCh Arnarstaða Romsa
Besti hvolpur tegundar og besti hvolpur sýningar 1. sæti:
Fagrahvamms Ásynja
Norðurljósasýning
Dómari: Andrew Brace frá Bretlandi
Besti hundur tegundar(BOB) og 1. sæti í tegundahópi 5 (BIG 1):
Stefstells Kolmars Krómi
Besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni (BOS):
Sunnusteins Árdís
Besti öldungur tegundar (BÖT) og besti öldungur sýningar 3. sæti:
RW-13 C.I.B. ISCh Arnarstaða Romsa
Besti hvolpur tegundar og besti hvolpur sýningar 1. sæti:
Fagrahvamms Ásynja

Hundasýning HRFÍ
28. febrúar-1. mars 2015
Dómari: Tomas Rohlin frá Danmörku

Besti hundur tegundar (BOB), 1. sæti í tegundahópi 5 (BIG 1) og besti hundur sýningar 4. sæti (BIS 4):
ISCh Snætinda Vaka

Besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni (BOS):
RW-13 ISCh OB1 Stefstells Skrúður
Besta ungviði tegundar og besta ungviði sýningar 1. sæti:
Fagrahvamms Ásynja
Besti hvolpur tegundar og besti hvolpur sýningar 3. sæti:
Kolholts Spuni
Besti öldungur tegundar:
Rw-13 ISCh OB1 Stefstells Skrúður
Besti afkvæmahópur tegundar:
Arnarstaða Askur og afkvæmi
Besti ræktunarhópur tegundar:
Arnarstaða-ræktun.

Hvolpasýning HRFÍ – janúar 2015 – Dómari: Inga Björk Gunnarsdóttir
BOB ungviði 3-6 mánaða og BIS nr. 2: Fagrahvamms Ásynja
(ISCh Snætinda Nökkvi x Fagrahvamms Gefjun)
BOS ungviði 3-6 mánaða:
Fagrahvamms Ævin-Týri
(ISCh Snætinda Nökkvi x Fagrahvamms Gefjun)
BOB hvolpur 6-9 mánaða:
Snætinda Hrafnaflóki
(Leiru Sámur x Snætinda Stelpa)
BOS hvolpur 6-9 mánaða:
Fluga frá Húsatóftum
(Kersins Nætur Snati x Hnúka Kara)

Nýr íslenskur meistari
Dranga Aska Bergrós er orðin íslenskur meistari og Arnarstaða Askur getur sótt um íslenskan meistaratitil.

Árshefti DÍF
Stórglæsilegt árshefti DÍF var sent félagsmönnum í byrjun maí. Mikil og flott vinna hjá Lindu Björk Jónsdóttur og Þorsteini Thorsteinson.

Víkingasveit DÍF
Haldin hafa verið tvö Víkinga-sveitarmót í rally-hlýðni á árinu. 3. febrúar kepptu 10 íslenskir fjárhundar og nokkrir af öðrum tegundum. 12. maí kepptu 14 íslenskir fjárhundar. Keppt var í byrjendaflokki, hvolpaflokki og barnaflokki. Mótin heppnuðust mjög vel og höfðu allir gaman af. Þess ber þó að geta að vegna veðurs í vetur varð að fella niður nokkur mót.

Framundan
Æfingabúðir fyrir íslenska fjárhunda á Snæfellsnesi í byrjun júní og Víkingasveitarmót í hundafimi.

Deildarsýning verður haldin 20.-21. júní í Félagslundi, Flóahreppi.

F.h. stjórnar,
Brynhildur Bjarnadóttir.

Ensk cocker spaniel-deild

Besti hundur tegundar á febrúar-sýningunni, RW-14 RW-13 ISShCh Aska Frá Götu með eiganda og ræktanda sínum, Eddu Janette Sigurðardóttur.

Úrslit febrúarsýningar
BOB: RW-14 RW-13 ISShCh Aska Frá Götu með CACIB, eigandi og ræktandi Edda Janette Sigurðsson.

BOS: ISShCh Bjarkeyjar Thank You For The Music með CACIB, eigandi Þröstur Ólafsson, ræktandi Inga Björk Gunnarsdóttir.

Hvolpar 6-9 mánaða:

1. Leirdals Stella í Orlofi með HP

Rakkar:

1. ISShCh Bjarkeyjar Thank You For The Music með CACIB
2. RW-14 RW-13 C.I.E. ISShCh Bjarkeyjar Take A Chance On Me með vara-CACIB
3. Siggu Jónu Benedikt Búálfur með íslenskt meistarastig
4. Hólabergs Vilhjálmur Bretaprins með meistaraefni

Tíkur:

1. RW-14 RW-13 ISShCh Aska Frá Götu með CACIB
2. Hólabergs Bára Bleika með íslenskt meistarastig
3. Manacas For All Time með vara-CACIB
4. Leirdals Sóley með meistaraefni
5. Siggu Jónu Gullbrá til Bjarkeyjar með meistaraefni
6. Siggu Jónu Þumalína með meistaraefni

Siggu Jónu-ræktunarhópur fékk heiðursverðlaun.

RW-14 RW-13 C.I.E. ISShCh Bjarkeyjar Take A Chance On Me með afkvæmahópnum sínum lenti í 1. sæti í besti afkvæmahópur sýningar á laugardeginum.

Got
Bjarkeyjar-ræktun var með got fætt 15. mars undan C.I.E. ISShCh Bjarkeyjar Sóllilju og Siggu Jónu Benedikt Búálfi. Tvær blue roan tíkur fæddust.

Frá Götu-ræktun er með got fætt 10. maí undan RW-14 RW-13 ISShCh Ösku frá Götu og Siggu Jónu Benedikt Búálfi. Ein blue roan tík og einn blue roan rakki fæddust.

Fyrir hönd stjórnar,
Inga Björk Gunnarsdóttir.

Fjár – og hjarðhundadeild

Stigahæsti hundur ársins hjá HRFÍ, Ryslip Celtic Tiger at Craigycor. Ljósmyndari: Sóley Ragna Ragnarsdóttir.

Stigahæst
Við erum stolt af því að eiga stigahæsta hund ársins 2014 hjá HRFÍ en það er welsh corgi pembroke hundurinn og hjartaknúsarinn Ryslip Celtic **Tiger** at Craigycor, ræktandi og eigandi er **Kristlaug E. Gunnlaugsdóttir**. Ræktendur ársins hjá HRFÍ 2014 eru einnig úr deildinni en það er Heimsenda-ræktun. Við óskum Dótlu og Heimsendabændum, þeim Bjössa og Láru innilega til hamingju með glæsilegan árangur.

Góð þátttaka
Á fimm sýningum HRFÍ á síðasta ári voru skráningar á sýningar úr deildinni alls 343 eða 69 hundar á hverri sýningu að meðaltali. Tegundir sem voru sýndar voru australian shepherd, border collie, briard, collie rough, collie smooth, old english sheepdog, shetland sheepdog og welsh corgi pembroke.

Vorferð
Á uppstigningadag var haldið í árlega vorferð deildarinnar. Eins og stundum var fámennt en afar góðmennt. Við skruppum í taumgöngu með bestu vinina upp í Miðdal þar sem Svana gjaldkeri tók á móti okkur með kostum og kynjum.

Deildarsýning
Nú er unnið að undirbúningi þriðju deildarsýningar Fjár – og hjarðhundadeildar. Að þessu sinni höldum við miðnætursýningu að Hvoli þann 20. júní nk. Við stefnum

að metþátttöku með 80 til 100 hundum en það kemur auðvitað í ljós. Dómarinn á sýningunni verður Steven Gladstone frá Bandaríkjunum. Hann byrjaði að dæma á áttunda áratugnum og dæmir nú um allan heim. Hann hefur átt og ræktað cardigan welsh corgi síðan 1974 undir ræktunarnafninu Aragorn. Aragorn-ræktun hefur átt yfir 100 meistara. Gladstone hefur einnig átt norskan elghund, schäfer og australian shepherd.

Aðventu – og uppskeruhátíð

Haldin verður aðventu – og uppskeruhátíð í byrjun aðventu og þá verða stigahæstu hundar tegunda í deildinni heiðraðir. Einnig verður haldið valhappadrætti sem vekur alltaf mikla lukku. Valhappadrættið er aðaltekjulind deildarinnar og því er mikilvægt að sem flestir mæti og styrki deildina og næli sér í flottan vinning í leiðinni.

Með sumarkveðju,
Ingibjörg Ólafsdóttir, formaður.

Íþróttadeild

Hundafimimót

Næsta mót verður haldið laugardaginn 25. júli 2015, útikeppni verður haldin um leið og sumarsýning HRFÍ. Dómari verður Monika Karlsdóttir. Úrslit fyrri móta er að finna á heimasíðu deildarinnar www.hundafimi.is

Bronspróf í hundafimi

7 hundar náðu bronsmerki Íþróttadeildar 21. febrúar og 18. apríl og óskum við þeim og eigendum þeirra hjartanlega til hamingju með árangurinn.

Við hlökkum til að sjá hundana ásamt eigendum hlaupa í framtíðinni í opnu tímunum og á mótum. Keppnisverðlaun og verðlaun fyrir að ná bronsprófi voru styrkt af Sláturfélagi Suðurlands, Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni og Lýsi hf. og færum við þeim bestu þakkir fyrir.

Dómarar prófsins voru Monika Karlsdóttir og Ragnar Sigurjónsson. Við þökkum þeim ásamt öllum keppendum og starfsfólki kærlega fyrir.

Árshátíð Íþróttadeildar

Árshátíð Íþróttadeildar var haldin 9. maí á veitingastaðnum Pottinum og pönnunni. Frábær matur og skemmtilegur félagsskapur og áttum við góða kvöldstund saman. Skugginn var afhentur fyrir mestu framfarir ársins en hann er farandbikar sem afhentur er til geymslu í eitt ár. Anna Sigríður Einarsdóttir og Skutla fengu hann þetta árið fyrir mestu framfarir árið 2014. Einnig fengu þær verðlaunapening til eignar og vegleg verðlaun.

Verðlaunapeninginn fyrir bestu mætinguna fékk Stefanía Björgvinsdóttir og hundarnir hennar ásamt veglegum verðlaunum. Haldin var tombóla eins og alltaf og voru góðir vinningar. Þeir sem styrktu okkur með vinninga fyrir tombóluna svo og aðra vinninga voru eftirfarandi fyrirtæki og þökkum við þeim kærlega fyrir: Kátir hvuttar, Dýrabær, Sláturfélag Suðurlands, Hundahreysti, Julíus-K9, peadhead.is, pepco.is, Garðheimar, Dýrheimar, Premíum og Egf.

Íþróttadeildin þakkar öllum þeim sem mættu á árshátíðina fyrir skemmtilegt kvöld.

Opnir tímar

Opnir tímar deildarinnar eru haldnir á sunnudögum klukkan 20:00 og verða á þeim tíma fram í miðjan júní. Tímarnir færast svo aftur yfir á sunnudagskvöld í lok ágúst eða byrjun september.

Námskeið

Námskeið í hundafimi eru haldin reglulega yfir veturinn og er skráning hafin á fyrsta

námskeiðið sem byrjar í september. Námskeiðið er opið öllum hundum eldri en 1 árs, blendingum eða hreinræktuðum og hvort sem eigendur eru félagsmenn í HRFÍ eða ekki.

Tekið er á móti fyrirspurnum og skráningum á hundafimi@hotmail.com.

Námskeiðið kostar 26.000 kr. skv. gjaldskrá HRFÍ.

Upplýsingar sem þarf til að skrá á námskeið eru: Nafn, kennitala, sími, netfang, nafn hunds, aldur og tegund.

Starfsmenn móta og nefndir

Íþróttadeild þiggur alla þá hjálp sem fæst og er ávallt að leita eftir starfsfólki á mótum

deildarinnar. Þetta er kjörið tækifæri til að kynnast hundafiminni betur hafir þú áhuga á íþróttinni.

Einnig stendur til að virkja nefndir tengdar öðrum hundaíþróttum og vantar okkur

sjálfboðaliða í þau störf.

Hafir þú áhuga að bjóða þig fram hafðu þá samband við deildina á hundafimi@hotmail.com

F.h. Íþróttadeildar,
Stefanía Björgvinsdóttir.

Retrieverdeild

C.I.E. ISShCh Standelbec Gabriella 4. besti öldungur sýningar á febrúarsýningu 2015.

Þann 17. janúar hittust félagsmenn í Sólheimakoti til að heiðra stigahæstu hunda 2014. Stigahæstur á veiðiprófum var labrador ISFtCh Ljósavíkur Nínó, stigahæsti labrador á sýningum var RW-14 ISCh Mánasteins Birta, stigahæsti golden á sýningum var ISShCh Heatwave Little Miss Sunshine, stigahæsti flat-coated var ISShCh Bez-Ami´s Always My Charming Tosca og stighæsti toller var RW-14 USCh CANCh Pikkinokka´s Nice Try Avatar. Guðni Björgvin Guðnason gaf farandbikar fyrir stigahæsta golden retriever öldung. Þetta var skemmtilegur dagur þar sem ýmislegt var í boði auk heiðrunarinnar. Brynja Tomer hélt fyrirlestur um ræktun og Albert Steingrímsson hundaþjálfari ræddi við okkur um hlýðni – og sporaþjálfun. Þarna var einnig skrifað undir nýjan samning til 3 ára við Dýrheima og Royal Canin á Íslandi sem er og hefur verið okkar aðalstyrktaraðili um árabil.

Aðalfundur Retrieverdeildar var haldinn 12. mars, þrjú sæti voru laus í stjórn þar sem Guðbjörg Guðmundsdóttir, Heiðar J. Sveinsson og Þórhallur Atlason luku sínum kjörtímabilum. Heiðar og Þórhallur gáfu kost á sér aftur og Sigrún Guðlaugardóttir bauð sig fram. Núverandi stjórn skipa því Heiðar J. Sveinsson formaður, Þórhallur Atlason gjaldkeri, Þórgunnur E. Pétursdóttir ritari, Arnar Tryggvason og Sigrún Guðlaugardóttir meðstjórnendur. Á aðalfundinum var stofnuð ný nefnd, heimasíðunefnd, sem sér um að aðstoða við vinnu við heimasíðu deildarinnar. Deildin gaf út hvolpahandbók sem hefur það hlutverk að hjálpa nýjum hvolpaeigendum að fóta sig í fyrstu skrefum á uppeldi retrieverhvolpa. Bókina geta ræktendur fengið og látið fylgja með hvolpum sér að kostnaðarlausu. Handbókina er einnig hægt að nálgast á rafrænu formi á heimasíðu deildarinnar.

Göngu – og skemmtinefnd hefur staðið fyrir ýmsum uppákomum, svo sem páskaeggjaleit fyrir börn og fullorðna, hvolpasprelli, sýningarþjálfunum og taumgöngum. Þetta var allt saman vel sótt. Básanefnd sá um að manna tvöfaldan bás á stórhundadögum í Garðheimum. Veiðinefnd er virk og stóð fyrir opnum veiðiæfingum fyrir retrieverhunda auk þess að skipuleggja og vinna að ýmsum þáttum tengdum veiðiprófum deildarinnar. Opnu veiðiæfingarnar er vettvangur fyrir fólk sem langar til að fræðast um veiðiþjálfun og læra af þeim sem kunna. Þarna kynnist fólk með sameiginlegt áhugamál og hefur möguleika á að komast í eða mynda sjálft æfingahópa og vinna þannig með markvissari hætti að þjálfun sinna hunda. Opnu æfingarnar hafa mælst vel fyrir og eru haldnar á vorin.

Tvö veiðipróf hafa verið haldin það sem af er árinu. Fyrra prófið var við Seltjörn 11. apríl, Kjartan Ingi Lorange dæmdi. Bestur í b.fl. var Kolkuós Nói, best í o.fl. var Hetju Asta Mia og bestur í ú.fl. var ISFtCh Ljóavíkur Nínó. Síðara prófið var haldið í tveimur hlutum að kvöldi 12. og 13. maí þar sem prófað var í b.fl. og o.fl. fyrri daginn og ú.fl. seinni daginn. Sigurður Magnússon dæmdi. Bestur í b.fl. var Veiðifélaginn Garpur, bestur í o.fl. var Kolkuós Neisti og best í ú.fl. var ISFtCh Kolkuós Míla. Eftir prófið 13. maí hittust félagsmenn í Sólheimakoti þar sem prófi var slitið. Í framhaldi af því var gleðskapur í tilefni af því að í ár eru liðin 20 ár frá því að fyrsta retriever-veiðiprófið var haldið hérlendis. Deildin bauð upp á léttar veitingar og fólk gladdist saman fram eftir kvöldi. Retrieverdeild stefnir á að halda úti metnaðarfullri dagskrá veiðiprófa á árinu eða 11 próf í það heila.

Retriever-eigendur fjölmenntu með sína hunda á alþjóðlega hunda-sýningu HRFÍ sem haldin var 20. febrúar-1. mars. Þar sýndum við 78 retrieverhunda: 60 labradora, 16 goldena, 1 flatcoated og 1 toller. Á þeirri sýningu varð labradorinn RW-14 ISCh Mánasteins Birta BOB og ISShCh Hólabergs Famous Sport BOS, goldeninn Dewmist Rain Of Comets var BOB og ISShCh Heatwave Little Miss Sunshine BOS, flat-coated retriever ISShCh Almanza Too Soon to Panic var BOB og tollerinn RW-14 USCh CANCh Pikkinokka´s Nice Try Avatar var BOB. Retrieverhundar voru líka sýndir á Norðurljósa – og meistarasýningunum sem haldnar voru 23.-25. maí. Á laugardeginum voru 35 labradorar, 16 goldenar, 2 tollerar og 1 flat-coated sýndir og á sunnudeginum 41 labrador, 10 goldenar og 2 tollerar. Fyrri daginn varð labradorinn ISShCh Hólabergs Famous Sport BOB og Leynigarðs Gæfa BOS, goldeninn C.I.E. ISShCh Standelbec Gabriella var BOB og Dewmist Rain Of Comets BOS, tollerinn USCh Avatar´s Best Kept Secret of Pikkinokka var BOB og RW-14 USCh CANCh Pikkinokka´s Nice Try Avatar var BOS. Á sunnudeginum var labradorinn Leynigarðs Gæfa BOB og ISShCh Hólabergs Famous Sport BOS, goldeninn ISShCh Heatwave Little Miss Sunshine var BOB og Dewmist Rain of Comets BOS, tollerinn RW-

14 USCh CANCh Pikkinokka´s Nice Try Avatar var BOB og USCh Avatar´s Best Kept Secret of Pikkinokka BOS. Fimm hundar urðu Norðurljósa-winner og fá því NLW-15 nafnbót, þetta eru ISShCh Hólabergs Famous Sport, Leynigarðs Gæfa, Dewmist Rain Of Comets, USCh Avatar´s Best Kept Secret of Pikkinokka og RW-14 USCh CANCh Pikkinokka´s Nice Try Avatar en til að fá þessa nafnbót þurftu hundar að verða BOB eða BOS báða dagana.

Deildin þakkar öllum þeim sem komið hafa að starfinu á tímabilinu á einn eða annan hátt og bendir nýju fólki og áhugasömum á heimasíðu deildarinnar www.retriever.is og Facebook-síðuna https://www.facebook.com/groups/retrieverdeild.hrfi/ . Við þökkum styrktaraðilum okkar sem eru Dýrheimar, Stálnaust og Bendir.

F.h. stjórnar,
Þórgunnur E. Pétursdóttir.

Schäferdeild

Frá æfingakvöldi deildarinnar þar sem allir eru velkomnir.

Schäferdeildin hefur haft í mörgu að snúast. Deildin hefur verið með hlýðniæfingakvöld alla fimmtudaga frá því í janúar. Mikil skráning hefur verið enda frábært fyrir fólk að geta æft innanhúss. Gaman er að sjá hversu mikill áhugi er hjá fólki að vinna með hundana sína og hlökkum við til að halda áfram með þessi skemmtilegu kvöld. Einnig stóð deildin fyrir æfingaprófi í hlýðni, dómari var Þórhildur Bjartmarz.

Þrjár sýningar hafa verið á árinu og er schäferinn orðinn ein af fjölmennustu tegundunum á landinu.

Fyrsta sýning ársins var haldin á nýjum stað á Smáratorgi 28. febrúar-1. mars og var dómarinn Tomas Rohlin frá Danmörku. 57 hundar voru skráðir til leiks, 44 snöggir og 13 síðhærðir. Besti hvolpur tegundar 4-6 mánaða var hinn ungi Ice Tindra Jessy og endaði hann svo sem 4. besti hvolpur dagsins. Besti hvolpur í eldri hvolpaflokki 6-9 mánaða var Svarthamars Högna og hlaut hún svo 3. sætið í úrslitum um besta hvolp dagsins. Besti hundur tegundar (BOB) varð ISShCh Kolgrímu For Your Eyes OnlyHólm og besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni (BOS) varð ISShCh Gunnarsholts Whoopy. ISShCh Kolgrímu For Your Eyes OnlyHólm endaði svo í öðru sæti í tegundahóp 1. Besti öldungur tegundar var C.I.B. ISCh Easy von Santamar. Besta ræktunarhóp tegundar átti Ice Tindra-ræktun og endaði hann sem 2. besti ræktunarhópur dagsins.

Í síðhærðu hundunum var besti hvolpur tegundar í flokki 4-6 mánaða Ice Tindra Jewel. Besti hundur tegundar (BOB) var ISShCh RW-13 Gjósku Osiris og átti Gjósku-ræktun besta ræktunarhóp tegundar.

Löng og ströng tvöföld sýning HRFÍ var svo helgina 23.-25. maí síðastliðinn. Sýningin var haldin í reiðhöllinni í Víðidal og var sýningarsvæðið hið glæsilegasta. Í þetta sinn var engin önnur tegund fjölmennari á sýningunni. Fyrri daginn tók schäferinn þátt í meistarastigssýningu HRFÍ og til leiks voru skráðir 45 snöggir og 19 síðhærðir hundar. Dómari var Harto Stockmari frá Finnlandi. Besti hvolpur tegundar 4-6 mánaða var Gjósku Tófa Tignarlega, endaði hún svo sem besti hvolpur dagsins. Besti hvolpur tegundar 6-9 mánaða var Ice Tindra Joy. Besti hundur tegundar (BOB) varð ISShCh Kolgrímu For Your Eyes OnlyHólm og besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni (BOS) varð hin unga Kolgrímu Invisible. Besti öldungur tegundar var C.I.B. ISCh Easy von Santamar og endaði hún sem 2. besti öldungur sýningar.

Bestu síðhærðu hundarnir voru, í flokki hvolpa 4-6 mánaða Gjósku Taktur Seifur og endaði hann sem 4. besti hvolpur dagsins. Í eldri hvolpaflokki var það Ice Tindra Joss sem var hlutskörpust. Besti hundur tegundar (BOB) var Gjósku Rökkvi-Þór og besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni (BOS) var Gjósku Ráðhildur.

Seinni daginn var svo Norðurljósa sýning HRFÍ og var í boði titillinn NLW-15 fyrir þá hunda sem unnu tegundina á báðum þessum sýningum. Dómari var Marit Sunde frá Noregi. Besti hvolpur tegundar 4-6 mánaða var aftur Gjósku Tófa Tignarlega og endaði hún sem 2. besti hvolpur dagsins. Besti hundur tegundar (BOB) var Kolgrímu Diva Hólm og besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni (BOS) var ISShCh Kolgrímu For Your Eyes OnlyHólm og hlaut hann því titilinn NLW-15. Besti öldungur tegundar var sem áður C.I.B. ISCh Easy von Santamar.

Í flokki síðhærðra kom það í hlut Liliane De Ridder-Onghena frá Belgíu að dæma. Besti hvolpur tegundar 4-6 mánaða var Kolgrímu Jolie og endaði hún sem 4. besti hvolpur dagsins. Besti hundur tegundar (BOB) var Gjósku Ráðhildur og besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni (BOS) var Gjósku Rökkvi-Þór og hlutu þau bæði titilinn NLW-15.

Deildin gerði samning við nýjan styrktaraðila, Pro Pac, og munu þau styrkja okkur um verðlaunagripi í ár. Erum við þeim gríðarlega þakklát fyrir stuðninginn.

Kveðja,
stjórn deildarinnar.

Schnauzerdeild

Besti hundur sýningar á deildarsýningu Schnauzerdeildar, Helguhlíðar Játvarður ásamt eiganda sínum og ræktanda, Margréti Pétursdóttur. Ljósmyndari: Ágúst Ágústsson.

Deildarsýning

Metskráning var á deildarsýninguna sem haldin var 9. maí síðastliðinn en 94 hundar voru skráðir til leiks. Dómari var Petter Fodstad frá Noregi og urðu úrslitin eftirfarandi:

Besti hundur sýningar var Helguhlíðar Játvarður, besti ungliði Black Standard Dearest, besti öldungur Dark Prince Hermes, besti hvolpur 4-6 mánaða Uppáhalds Gæfa, besti hvolpur 6-9 mánaða Svartwalds Midnight Cowboy, besta parið Helguhlíðar Ófeigur Máni og Helguhlíðar Sumarsól, besti afkvæmahópur var Svartwalds For Those About To Rock með afkvæmum og besti ræktunarhópur Helguhlíðar ræktun. Eigendum og ræktendum er óskað innilega til hamingju með þennan flotta árangur. Einnig viljum við þakka öllum þeim sem þátt tóku í að gera þessa sýningu svona glæsilega. Fyrirtækin Dýrheimar og Platinum Ísland styrktu sýninguna með verðlaunum og gjafapökkum. Dýrheimar lánuðu einnig þessi fínu teppi sem notuð voru á sýningunni og Gæludýr.is lagði til húsnæðið. Eiga þessi fyrirtæki þakkir skildar fyrir stuðninginn. Einnig viljum við þakka blómabúðinni Möggubrá fyrir einstaklega fallega blómvendi. Eftir sýninguna fögnuðu svo meðlimir deildarinnar ásamt dómaranum og borðuðu saman á Gamla vínhúsinu í Hafnarfirði.

Þar sem það er langt síðan skrifaðar voru deildarfréttir síðast er gaman að minnast á frábæran árangur dvergschnauzer-rakkans Svartwalds For Those About To Rock á sýningum. Hann hefur tvisvar lent í sæti í tegundahóp 2, einu sinni í þriðja sæti og á sýningunni í september vann hann tegundahópinn og varð BESTI HUNDUR SÝNINGAR en þetta er í fyrsta skipti sem schnauzer nær þessum glæsilega árangri á Íslandi.

Uppskeruhátið og aðalfundur

Hin árlega uppskeruhátíð deildarinnar var haldin í byrjun febrúar. Þessi skemmtilegi viðburður er orðinn ómissandi þáttur í starfinu en margir hundar voru heiðraðir fyrir góðan árangur á sýningum. Einnig voru tveir hundar heiðraðir fyrir árangur í hlýðni I, einn hundur fyrir að vera Rauða kross-heimsóknarhundur og einn hundur fyrir vinnu í READ lestrarverkefninu. Spiluð voru lög frá diskótímabilinu og hátíðargestir klæddust diskófötum. Matur frá Grillvagninum var borinn fram og veislustjóri var Brynja Tomer. Uppboð var haldið á hinum ýmsu vörum og safnaðist góður peningur fyrir deildina. Sóley Ragna tók að sér að mynda fjörið og margar skemmtilegar myndir voru teknar.

Á síðasta aðalfundi deildarinnar voru Sigrún Valdimarsdóttir og Margrét Kjartansdóttir endurkjörnar en ekkert mótframboð kom fram. Stjórn skipti með sér verkum að nýju og er Kolbrún Snorradóttir nú formaður, Líney Björk Ívarsdóttir ritari, Margrét Kjartansdóttir gjaldkeri og María Björg Tamimi og Sigrún Valdimarsdóttir meðstjórnendur.

Á döfinni

Stefnt er að landsmóti í sumar en nánari dagsetning verður auglýst á deildarsíðunni. Einnig verður nýliðadagur með haustinu þar sem nýjum eigendum schnauzerhunda er boðið að hlusta á fyrirlestur um tjáningu hunda og feldhirðu á schnauzer. Starfsemi deildarinnar verður kynnt fyrir þeim ásamt starfsemi HRFÍ.

Sýningaþjálfanir eru alltaf tvær fyrir hverja sýningu og verða þær haldnar úti í sumar þar sem sumarsýning HRFÍ verður utan dyra.

Allar nánari upplýsingar um væntanlega viðburði er að finna á schnauzerdeild.is og á Facebook-síðu deildarinnar.

Fyrir hönd stjórnar,
Líney Björk Ívarsdóttir.

Spítshundadeild – Chow chow

Dropasteins Amore Del Carmen. Ljósmyndari : Ásta María Karlsdóttir.

Chow Chow hefur verið virkur þátttakandi á hundasýningum HRFÍ.

Árið 2014 var
C.I.B. ISCh RW-13 Dropasteins Trouble O Seven stigahæstur.

Ungur sýnandi með chow chow
Glæsilegur fulltrúi í ungum sýnendum, Agatha Elín með chow chow-tíkina, Dropasteins Diva de Pisa, keppti í yngri flokki ungra sýnenda á hundasýningum HRFÍ árið 2014 og varð hún stigahæst í yngri flokki ungra sýnenda.

Bronspróf
Dropasteins Amore Del Carmen stóðst hlýðni-bronspróf með 153, 5 stig og er fyrsti chow chow til að ná hlýðni-bronsprófi. Dómari var Björn Ólafsson.

Nýr titill
Chow chow eignaðist bæði alþjóðlega meistara (C.I.B.) og íslenskan sýningameistara (ISCh) árið 2014.

Árið 2015 byrjaði með alþjóðlegri hundasýningu 28.febrúar – 1. mars 2015 og Janusz Opara dæmdi chow chow en úrslit urðu þessi:

C.I.B. ISCh RW-13 Dropasteins Trouble O Seven (Bond) – BOB, CACIB

ISCh RW-14 RW-13 Dropasteins Cara Mia – BOS, CACIB

Dropasteins Amore Del Carmen – BB-2, CAC, V-CACIB

Hópurinn tók þátt í besta ræktunarhóp dagsins og endaði í 2. sæti.

Árið hélt áfram með meistarastigssýningu 23. maí 2015. Dómari tegundar og tegundahóps var Liliane De Ridder-Onghena.

Dropasteins Amore Del Carmen – BOB – CAC, BIG-2

Því næst var norðurljósasýning HRFÍ 24. maí 2015. Dómari tegundarinnar var Andrew Brace en tegundahóps Harto Stockmari.

Dropasteins Amore Del Carmen – BOB – CAC, BIG-2

Tíbet spanieldeild

BOB og BOS á meistarastigssýningu HRFÍ, RW-14 RW-13 C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda Pink Lotus og Perlu-Lindar Bjartur ásamt sýnendum og dómaranum, Harto Stockmari. Ljósmynd: Sigurgeir Jónsson.

Fyrsta sýning ársins var alþjóðleg og var haldin 28. febrúar og 1. mars s.l. Á sýninguna voru 20 tíbbar skráðir. Dómari fyrir okkar tegund var Hassi Assenmarcer-Feyel frá Þýskalandi.

Úrslit urðu eftirfarandi:
BOB var RW-14 RW-13 C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda Prayer Wheel Spinner „Rúbín". Hann fékk CACIB. Eigandi Kolbrún Jónsdóttir. Ræktandi Auður Valgeirsdóttir

BR 2 var ISCh Tíbráar Tinda Red Snap Dragon „Dragon". Hann fékk vara-CACIB. Eigandi og ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

BR 3 var Tíbráar Tinda Tiger´s Eye „Tiger". Hann fékk sitt fjórða meistarastig og þar með titilinn ISCh. Eigandi og ræktandi er Auður Valgeirsdóttir.

BR 4 var Toyway Tim-Bu „Timbu". Eigandi Kolbrún Jónsdóttir. Ræktandi Jouko Leiviskä.

BOS var RW-14 RW-13 C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda Pink Lotus „Lotus". Eigandi og ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

BT 2 var Tíbráar Tinda Cherry Blossom „Cherry". Hún fékk sitt fyrsta meistarastig og vara CACIB. Eigandi og ræktandi er Auður Valgeirsdóttir.

BT 3 var Falkarios Just A Jewel For You „Rós". Eigandi Ingibjörg Blomsterberg. Ræktandi Kristin Boe.

BOB ræktunarhópur var Tíbráar Tinda-ræktun. Hópurinn fékk heiðursverðlaun. Ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

Farandbikara og gjafabikara fyrir BOB og BOS gaf Tíbráar Tinda-ræktun.

Tvöföld sýning var haldin 23.-25. maí. Á fyrri sýninguna voru 15 tíbbar skráðir. Dómari fyrir okkar tegund var Harto Stockmari frá Finnlandi.

Úrslit urðu eftirfarnandi:
BOB var RW-14 RW-13 C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda Pink Lotus „Lotus".

BT 2 var Tíbráar Tinda Cherry Blossom „Cherry". Hún fékk sitt annað meistarastig.

BT 3 var Falkarios Just A Jewel For You „Rós".

BOS var Perlu-Lindar Bjartur. Hann fékk sitt annað meistarastig. Eigandi Steinunn Þórisdóttir. Ræktandi Berglind Björk Jónsdóttir.

BR 2 var ISCh Tíbráar Tinda Red Snap Dragon „Dragon".

BR 3 var RW-14 RW-13 C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda Prayer Wheel Spinner „Rúbín".

BR 4 var Toyway Tim-Bu „Timbu".

Rakkinn Sommerlyst´s Rimo Poso „Pósó" fékk meistaraefni (CK) en ekki sæti í keppninni um besta rakka. Eigandi Guðrún Helga Harðardóttir. Ræktandi Ragnhild Primdal.

Gjafabikara fyrir BOB og BOS og fyrir bestu unghunda gaf Demetríu-ræktun.

Seinni sýningin var nefnd ***Norðurljósasýning***. Á þessum sýningum fengu þeir sem náðu að verða BOB eða BOS á báðum sýningunum titilinn NLW-15 fyrir framan nafnið sitt. Á sýninguna voru skráðir 15 tíbbar. Dómari fyrir okkar tegund var Lillian De Ridder frá Belgíu. Dómari tegundahóps 9 var Harto Stockmari frá Finnlandi. Dómari fyrir BIS (besta hund sýningar) var Lillian De Ridder frá Belgíu.

Úrslit urðu eftirfarandi:
BOB var NLW-15 RW-14 RW-13 C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda Pink Lotus „Lotus". Lotus gerði sér svo lítið fyrir og sigraði tegundahóp 9 og endaði sem **BESTI HUNDUR SÝNINGAR!** Þetta er í annað sinn sem Lotus lendir í sæti í BIS en í september 2014 varð hún í 2. sæti. Þess má geta að þetta er í þriðja sinn sem tíbbi verður BIS á Íslandi.

BOS var ISCh Tíbráar Tinda Red Snap Dragon „Dragon".

BR 2 var RW-14 RW-13 C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda Prayer Wheel Spinner „Rúbín".

BR 3 var Toyway Tim-Bu „Timbu". Hann fékk sitt fyrsta meistarastig.

BR 4 var Lilileian Yankee Doole „Topaz". Eigendur Auður Valgeirsdóttir/ Berglind Björk Jónsdóttir. Ræktandi Tiina Rämö.

Gjafabikara fyrir BOB og BOS gaf Royal Canin (Dýrheimar ehf.).

Nýr íslenskur meistari (ISCh)
ISCh Tíbráar Tinda Tiger´s Eye „Tiger" hefur fengið staðfestingu um íslenska meistaratign frá HRFÍ. Eigandi og ræktandi er Auður Valgeirsdóttir.

Stjórn deildarinnar óskar öllum innilega til hamingju með hundana sína. Innilegt þakklæti fá þeir sem gefið hafa bikara fyrir tegundina okkar.

Ræktun
Got var hjá Tíbráar Tinda-ræktun 29. janúar þar sem einn tíkarhvolpur fæddist. Foreldrar eru C.I.B. Tíbráar Tinda Tibet´s Pride N Glory og Lilileian Yankee Doodle. Ræktandi er Auður Valgeirsdóttir.

Plönuð eru fleiri got á árinu ef allt gengur að óskum.
Kröfur ræktunarstjórnar til undaneldis eru þær að ræktunardýrin séu ræktunardæmd á sýningum HRFÍ eða öðrum sýningum viðurkenndum af HRFÍ oftar en einu sinni með lágmarkseinkunnina „very good". Einnig verða undaneldisdýrin að vera með gild augnskoðunarvottorð (viðurkennd af HRFÍ). Vottorð má ekki vera eldra en 13 mánaða við pörun. Ef ræktendur óska eftir ráðleggingum ræktunarstjórnar um val á undaneldishundum skal senda skriflega beiðni til stjórnar að minnsta kosti 2 mánuðum fyrir áætlað lóðarí tíkar til að öruggt sé að hún sé tekin fyrir og afgreidd í tæka tíð fyrir pörun.

Slóðin á heimasíðuna okkar er tibetspaniel.weebly.com en deildin heldur líka úti Facebook-síðu með fréttum og tilkynningum undir nafninu „Tibetan spaniel á Íslandi innan HRFÍ. – Tibetan spaniel in Iceland". Endilega fylgist með síðunum okkar, þar er allt sett inn um starf deildarinnar og uppákomur, eins og göngur og fleira ásamt upplýsingum um tegundina.

Með bestu kveðju og ósk um gleðilegt sumar til ykkar allra, tví-og fjórfættra.

F.h. stjórnar Tíbet spanieldeildar,
Auður Valgeirsdóttir formaður.

Ungmennadeild

Helga Þöll Guðjónsdóttir var valin í 10 sýnenda úrslit á Crufts.

Stjórn HRFÍ samþykkti á dögunum tillögu stjórnar Unglingadeildar HRFÍ um breytingu á nafni deildarinnar. Deildin ber nú nafnið Ungmennadeild HRFÍ sem á betur við um meðlimi deildarinnar, sem eru börn og unglingar.

Ársfundur
16. mars sl. var ársfundur Ungmennadeildar haldinn í húsnæði HRFÍ. Góð mæting var á fundinn og ýmislegt rætt.

Nýja stjórn skipa:
Hilda Björk Friðriksdóttir formaður,
Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari,
Rannveig Gauja Guðbjartsdóttir gjaldkeri,
Ágústa Pétursdóttir og Hafdís Jóna Þórarinsdóttir.
Erna Sigríður Ómarsdóttir er heimasíðustjóri.
Deildin þakkar Theodóru Róbertsdóttur, Ernu Sigríði Ómarsdóttur og Jóhönnu Líf Halldórsdóttur fyrir vel unnin störf í þágu deildarinnar.

Crufts
Helga Þöll Guðjónsdóttir var fulltrúi Íslands í alþjóðlegri keppni ungra sýnenda á Crufts í mars sl. Helga Þöll,

sem sýndi snögghærðan vorsteh, stóð sig með mikilli prýði og var valin í 10 sýnenda úrslit sem er frábær árangur en hátt í 50 þjóðir sendu fulltrúa í keppnina! Við óskum Helgu Þöll innilega til hamingju!

Sýningar

Alþjóðleg sýning HRFÍ fór fram 28. febrúar - 1. mars og voru rúmlega 20 ungir sýnendur skráðir til leiks. Dómari var Martin Johansson frá Svíþjóð.

Úrslit urðu eftirfarandi:

Yngri flokkur

1. sæti- Erlen Inga Guðmundsdóttir með papillon
2. sæti- Elena Mist Theodórsdóttir með silky terrier
3. sæti- Stefanía Stella Baldursdóttir með pug
4. sæti- Védís Huld Sigurðardóttir með australian shepherd

Eldri flokkur

1. sæti- Margrét Hauksdóttir með afghan hound
2. sæti- Hafdís Jóna Þórarinsdóttir með standard schnauzer
3. sæti- Ylfa Dögg Ástþórsdóttir með papillon
4. sæti- Diljá Björk Atladóttir með breton

Tvöföld sýning HRFÍ fór fram 23.-25. maí sl. og var dómari ungra sýnenda, Þorbjörg Ásta Leifsdóttir. Þorbjörg Ásta á glæsilegan feril í ungum sýnendum að baki og var meðal annars fulltrúi Íslands á Crufts og í landsliði Íslands á Nordic winner.

Úrslit urðu eftirfarandi:

Yngri flokkur

1. sæti- Erlen Inga Guðmundsdóttir með papillon
2. sæti- Stefanía Stella Baldursdóttir með afghan hound
3. sæti- Elena Mist Theodórsdóttir með silky terrier
4. sæti- Katrín Erla Kjartansdóttir með dvergschnauzer

Eldri flokkur

1. sæti- Hafdís Jóna Þórarinsdóttir með enskan springer spaniel
2. sæti- Berglind Gunnarsdóttir með siberian husky
3. sæti- Margrét Hauksdóttir með afghan hound
4. sæti- Ingunn Birta Ómarsdóttir með shetland sheepdog

Dagur Unglingadeildar

Dagur Unglingadeildar var haldinn hátíðlegur 12. apríl sl. og voru fjölmargir sem lögðu leið sína í Gæludýr.is á Korputorgi til að taka þátt í fjörinu. Fjölmörg börn voru skráð í barnaflokka 3-5 ára og 6-8 ára og fengu allir þátttakendur rósettu og þátttökuverðlaun en var ekki raðað í verðlaunasæti. Dómari barnaflokks 3-5 ára var Hilda Björk Friðriksdóttir og 6-8 ára Helga Þöll Guðjónsdóttir. Það er óhætt að segja að börnin og hundarnir hafi skemmt sér vel og notið sín í hringnum! Greinilega framtíðarsýnendur þarna á ferð!

Keppt var í yngri og eldri flokki ungra sýnenda en dómari beggja flokka var Ágústa Pétursdóttir. Einnig var keppt í flokki 18 ára og eldri og var dómari Auður Sif Sigurgeirsdóttir.

Í öllum flokkum voru hæfileikar sýnendanna dæmdir og var keppnin svo sannarlega mjög hörð og erfitt að velja á milli sýnenda.

Stjórn deildarinnar þakkar öllum styrktaraðilum fyrir velvild í garð deildarinnar en þeir voru:

Dýrheimar ehf., Gæludýr.is, Petco, Dekurdýr, Lífland, Bed Head og Bílapartar.

Úrslit urðu eftirfarandi:

Yngri flokkur

1. sæti- Stefanía Stella Baldursdóttir með pug
2. sæti- Erlen Inga Guðmundsdóttir með papillon
3. sæti- Gunnhildur Hekla Gunnarsdóttir með standard schnauzer
4. sæti- Katrín Ósk Ástþórsdóttir með íslenskan fjárhund

Eldri flokkur

1. sæti- Ingunn Birta Ómarsdóttir með shetland sheepdog
2. sæti- Vaka Víðisdóttir með siberian husky
3. sæti- Hafdís Jóna Þórarinsdóttir með schäfer
4. sæti- Sigrún Sandra Valdimarsdóttir með papillon

18 ára og eldri

1. sæti- Valdís Vignisdóttir með afghan hound
2. sæti- Karen Ösp Guðbjartsdóttir með papillon
3. sæti- Arnfríður Tanja Hlynsdóttir með ameríska cocker spaniel
4. sæti- Elín Rós Hauksdóttir með weimaraner

Deildarstarf

Ungmennadeild stóð fyrir sýninga-þjálfunum fyrir sýningar HRFÍ sem voru mjög vel sóttar. Við þökkum Gæludýr.is kærlega fyrir stuðninginn.

Deildin var með veitingasölu á tvöfaldri sýningu HRFÍ sem vakti mikla lukku meðal sýningagesta og þökkum við Berglindi Gestsdóttur og Helenu Levisdóttur kærlega fyrir að hafa yfirumsjón með veitingasölunni. Fjölmargir meðlimir deildarinnar og foreldrar þeirra lögðu hönd á plóg í veitingasölunni og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir sem og þeim fjölmörgu sem styrktu deildina.

Margt spennandi er á döfinni hjá deildinni og hvetjum við börn, unglinga og foreldra þeirra til að fylgjast vel með á heimasíðu deildarinnar http://unglingadeild.weebly.com/ og á Facebook-síðunni „Unglingadeild HRFÍ".

Kær kveðja,
stjórn Ungmennadeildar HRFÍ.

Ritstjóri og ritnefnd Sáms þakka af alhug eftirfarandi aðilum fyrir greinaskrif, ljósmyndir eða aðra aðstoð varðandi útgáfu blaðsins:

Auði Brynju Proppé-Bailey, Ágústi Ágútssyni, Brynju Tomer, Daníel Erni Hinrikssyni, Drífu Gestsdóttur, Dýraspítalanum í Víðidal, Agli Bergmann, Herdísi Hallmarsdóttur, Hjördísi Ágústsdóttur, Klöru Símonardóttur, Kristlaugu Elínu Guðlaugsdóttur, Magnúsi S. Magnússyni, Margréti Kjartansdóttur, Margréti Báru Magnúsdóttur, Moniku Karlsdóttur, Ólöfu Gyðu Risten, Pétri Alan Guðmundssyni, Rúnari Tryggvasyni, Sigrúnu Guðlaugardóttur, Sóleyju Rögnu Ragnarsdóttur, Stellu Kristjánsdóttur, Stellu Sólveigu Pálmarsdóttur og Þorsteini Thorsteinson.

Hundar vilja ekki tannstein þeir vilja DentaStix®

Minnkar myndun tannsteins um allt að 80%*

*við daglega notkun